Hið sama og til fiskimannaprófsins og enn fremur:

- Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skráfu og stýris.

Vatnspéttar skiljur og tæmingartæki.

Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa.

- 5 b. Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð
14. marz farms og kjölfestu.

Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Línubyssur og önnur hjargtæki.

Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa.

Skyldur stýrimanns á verði.

Landfræði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir.

Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftins; ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er að sjóferðum lýtur, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómennsku varðar, og að geta gert léttan danskan stíl.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er að sjómennsku lýtur.

Sjóréttur (skriflegur):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farm-skirteini. Farmsamningar.

Heilsufræði (munnleg):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg):

Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.

7. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ þeirrar einkunnar, sem hæst verður gefin.

Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skip- 5
stjórar á varðskipum ríkisins, þegar lög þessi öðlast gildi; enn fremur má veita 14. marz
efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla
eindregið með því.

2. *Siglingafræði og stærðfræði:*

- a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Mismunur á land- og sjó-
kortum.
- b. Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar
í vaxandi kort.
- c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
- d. Nokkru fyllri þekking en til farmannaprófs á notkun og meðferð nýjustu
siglingatækja.
- e. Nokkru fyllri stærðfræðikunnátta en til farmannaprófs.

3. *Alþjóðamerki:*

Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga.

4. *Alþjóðaréttur og skýrslugerð:*

- a. Helztu ákvæði laga og millirikjasamninga um gæzlu landhelginnar og fisk-
veiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
- b. Kunnátta í ýmiss konar skýrslugerð.

5. *Enska:*

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.

6. *Þýzka:*

Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.

7. *Líkamsæfingar:*

Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

8. gr.

Við burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur
í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

9. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar
nám, skal hann senda samgöngumálaráðuneytinu beiðni um það tveimur mánuðum
áður, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim,
er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann
hefur fengið.

10. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá próf-
skírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóða-
máli.

IV. KAFLI Inntaka nemenda.

11. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

V. KAFLI Kennslutími.

12. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til aprílloka.

VI. KAFLI Kennarar skólans.

13. gr.

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

14. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvort tveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara setur ráðuneytið samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI Ýmisleg ákvæði.

15. gr.

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

16. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni.

17. gr.

5

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal samgöngumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annaðhvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

6

um viðbótarsamning við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

16. marz

Hinn 30. desember 1954 var í Stokkhólmi undirritaður viðbótarsamningur við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. Samningurinn gekk í gildi 1. janúar 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 16. marz 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

6 Fylgiskjal.

16. marz

Viðbótarsamningur við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa ákveðið vissar breytingar á og viðbót við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi
dr. Helga P. Briem;

Hans Hátign konungur Danmerkur:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi
K. A. Monrad-Hansen;

Hans Hátign konungur Noregs:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi
Jens Schive;

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

utanríkisráðherra sinn, hans hágöfgi Östen Undén;

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Svíþjóð, sem sagt hefur samningnum upp vegna lagabreytinga, gerist á ný aðili að samningnum frá og með 1. janúar 1955.

2. gr.

Eftirfarandi greinar skulu breytast þannig:

§ 1.

Samningur þessi tekur, að því er Ísland snertir, til allra sjúkrasamlaga, stofna- og aðra samkvæmt III. kafla alþýðutryggingalaganna frá 1936 með síðari breytingum og viðaukum, svo og, að því er varðar sjúkradagpeninga, til Tryggingastofnunar ríkisins, að því er Danmörk snertir til viðurkenndra sjúkrasamlaga, sem eru í sambandi sjúkrasamlaga í Danmörk, „De samvirkende Centralforeninger af Sygekasser i Danmark“, og framhaldssjúkrasamlaga undir ríkiseftirliti, sem eru í sambandi framhaldssjúkrasamlaga í Danmörk, „De samvirkende statskontrollerede Fortsættelsessygekasser i Danmark“, að því er Noreg snertir til tryggingarsamlaga, „trygdekasser“, og viðurkenndra sjúkrasamlaga og, að því er Svíþjóð snertir, til allra almennra sjúkrasamlaga.

Þessi samlög eftir sjúkrasamlög.

§ 4.

1. Innganga í flytur til.
2. Hafi hinn sig fram.

3. Þegar flutt gildandi reglum.
4. Fyrir fæðingu ekki fæðingarstyrk.
5. Tryggður maður ákveður Tryggingaráðið.
6. Flutningur fer að öðru leyti fram eftir þeim reglum um flutninga milli sjúkra-samlaga, sem gilda í því landi, sem hinn tryggði flyzt til, þó þannig, að þær skulu ekki hamla flutningi námsmanna, sem ætla, vegna náms, að dvelja í hinu landinu í meira en þrjá mánuði samfleytt, og þannig, þegar flutt er *til Svíþjóðar*, að viðtæki sjúkradagpeninga, sem manni er skylt að tryggja sér, ákvarðist án tillits til fyrri tryggingar.

§ 9.

1. Sjúkrahjálpi sú þessum kafla.
2. Hlutaðeigandi yfirvald ákveður hvort og að hve miklu leyti kostnaði af sjúkrahjálpi, sem sænskt staðarsjúkrasamlag greiðir samkvæmt þessum kafla, skuli skipt milli þess samlags og hlutaðeigandi héraðssamlags.

3. gr.

Þessi samningur gengur í gildi 1. janúar 1955. Hann er óaðskiljanlegur hluti milliríkjasamningsins, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

Eftir að samningurinn hefur verið undirritaður í Stokkhólmi, skal varðveita hann í skjalasafni íslenska utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á íslensku, dönsku, norsku og sænsku, hinn 30. desember 1954.

Helgi P. Briem. K. A. Monrad-Hansen. Jens Schive. Östen Undén.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum“ í 1. gr. laganna komi: í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

2. gr.

Í stað orðanna „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

3. gr.

Í stað orðanna „sveitarstjórnnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps“ í 4. gr. laganna komi: bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.

7

4. gr.

22. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

8

L Ö G

22. marz

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir 46. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Lónkotsmöl.
- b. Á eftir 47. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Reykhólar í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

9

23. marz

um Brunabótafélag Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag váttryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða, og starfar einnig í samræmi við þær almennu reglur, sem ákveðnar eru í lögum nr. 20 frá 8. marz 1954, um váttryggingarsamninga.

2. gr.

Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:

1. Að taka að sér brunatryggingar á húsum og lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglur setja.
2. Að fylgjast með og afla upplýsinga um nýjungar í slökkvitækni, sem komið gætu hér að notum, og útvega eða útbúa hentug slökkvitæki, sem bæjar- eða sveitarfélögum og einstökum heimilum væri gefinn kostur á að eignast með hagkvæmum greiðsluskilmálum.
3. Að lána fé til vatnsveitna, hitaveitna og sjóveitna, eftir því sem ástæður félagsins leyfa.
4. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um brunamál og annast, ef ríkisstjórnin óskar, eftirlit með brunavörnum og að hús, sem skylt er að váttryggja, séu tryggð lögum samkvæmt.

3. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélags Íslands og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Forstjóri, skipaður af ráðherra, stjórnar félaginu í samræmi við lög og reglugerðir og í samráði við framkvæmdastjórn, kosna af fulltrúaráði samkvæmt 5. og 6. gr.

5. gr.

Félagið skiptist í deildir, og er hvert bæjar- og hreppsfélag sérstök deild í félaginu.

Þegar að afstöðnum hverjum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum skal hvert bæjarfélag utan Reykjavíkur og öll sýslufélög landsins tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Réttur bæjar- og sýslufélaga til tilnefningar í fulltrúaráð og þátttöku í starfsemi þess fellur niður, er bæjarfélag eða öll hreppsfélög í einhverri sýslu hafa sagt upp tryggingu hjá félaginu. Atkvæðisréttur sýslunefndarmanna á sýslufundi við tilnefningu manns í fulltrúaráð er við það bundinn, að hreppur sá, er hann er fulltrúi fyrir, hafi ekki sagt upp tryggingum hjá félaginu.

Ef Brunabótafélagið, samkvæmt heimild í 1. málsg. 8. gr. laga félagsins, tekur að sér brunatryggingar á húsum í Reykjavík, skal bæjarstjórn einnig velja aðalmann og varamann af sinni hálfu til fulltrúaráðsins.

9

23. marz

6. gr.

Brunabótafélagið kallar fulltrúaráðið saman til aðalfundar fjórða hvert ár, strax eftir að bæjar- og sýslufélög hafa haft hæfilegan frest til að tilnefna fulltrúaráðsmenn. Fulltrúaráð skal auk þess kallað saman til aukafunda, hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð, ef eigi færri en $\frac{1}{3}$ fulltrúaráðsmanna óska þess. Fyrsta aðalfund félagsins skal halda þegar eftir að lög þessi koma til framkvæmda.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal kjósa þrjá menn í framkvæmdastjórn fyrir félagið og þrjá til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Þar skal ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar, hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir og einnig um aðrar tryggingar, er félagið kynni að takast á hendur.

Eftirlitsmenn brunavarna skulu mæta á fulltrúaráðsfundum og gefa skýrslu um störf sín.

Brunabótafélagið greiðir kostnað við fulltrúaráðsfundi og framkvæmdastjórn.

7. gr.

Skylt er, sbr. þó ákvæði 20. gr., að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, féлага eða opinberar eignir. Sömulleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

8. gr.

Félaginu er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka að sér brunatryggingar húsa í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn og að taka þátt í tryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum váttryggingarfélögum.

Félaginu er og heimilt að taka í brunatryggingu hvers konar lausafé, hvar sem er á landinu, þar með taldar allar afurðir í vörzlu framleiðenda.

9. gr.

Váttryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og váttryggir félagið allt verð húsanna. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í váttryggingu eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

Heimilt er félaginu og váttryggjendum skytt að breyta árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitölu fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlök hvert ár.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast váttryggingarupphæð næstkomandi váttryggingarárs, þó þannig, að váttryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna. Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingakostnað, er félaginu heimilt að láta fara fram endurvirðingu á öllum fasteignum, sem váttryggðar eru hjá félaginu.

10. gr.

Brunatryggingum félagsins skal haldið aðgreindum í 3 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna svo og aðrar tekjur félagsins falla til sam- 9
eiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum á váttryggingarstarfsemi 23. marz
félagsins.

11. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, og getur einnig sjálft tekið að sér hluta endurtryggingar hjá öðrum váttryggingarfélögum.

Nánari ákvæði um endurtryggingar á áhættu félagsins má ákveða í reglugerð, þar á meðal um það, hvað félagið megi hafa í eigin áhættu, varðandi einstakar áhættueiningar í sambandi við heildaráhættu, sem félagið ber, og einnig í hlutfalli við eignir þess.

12. gr.

Allir þeir, sem hafa váttryggingar hjá félaginu samkvæmt 7. gr., eru félagsmenn þess, á meðan þeir hafa tryggingarskipti við félagið. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem váttryggðar eru í félaginu. Sérstaks framlags má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé vissst aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í váttryggingarskipteini.

13. gr.

Váttryggingar á húseignum og lausafé samkvæmt 7. og 8. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í tryggingarskipteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

14. gr.

Brunabótatrygging félagsins tekur ekki til þess tjóns, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur til þess tjóns, sem af því leiðir, að váttryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Tryggingin tekur ekki heldur til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði, sbr. 79. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga. Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er váttryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögnum eða ef hann hefur gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

15. gr.

Skaðabætur vegna brunatjóns má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefur verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meira en 3000 kr.

16. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmt hefur við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefur, eða þar sem félagið í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum, kaupúnum og hreppsnefndir í sveitum ákveður, og er félaginu skylt að tryggja, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið.

Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsg. greinar þessarar, þó svo að 15% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt, eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

9

23. marz

17. gr.
Pegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðréttur einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

18. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu svo og skirteinisgjöld hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöld eigi greidd innan 4 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboð skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 4 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

19. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir váttryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta váttryggingartímabilið teljast til 15. okt., þess er næstur kemur eftir að váttryggingin byrjar, nema váttryggt sé til skemmri tíma.

Öll iðgjöld greiðast fyrir fram fyrir váttryggingartímabilið.

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregið.

20. gr.

Stjórn bæjar- eða sveitarfélaga getur leitað til stjórnar Brunabótafélagsins og óskað eftir því að fá endurskoðun eða breytingar á iðgjaldagreiðslum og öðrum kjörum varðandi brunatryggingar fasteigna í bæjar- eða sveitarfélaginu. Náist ekki samkomulag um samninga innan tveggja mánaða frá því, að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með 6 mánaða fyrirvara miðað við 15. okt. ár hvert.

Bæjar- eða sveitarfélag, sem gengið er úr félaginu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, hefur eftir það engar skyldur við félagið né nýtur þar réttinda.

Rétt er Brunabótafélagi Íslands, ef stjórn þess ákveður, að gera sérsamninga við einstök bæjar- eða sveitarfélög um váttryggingarkjör húseigna í umdæminu, og þá einkum í sambandi við tryggilegar brunavarnir og aðrar aðstæður í umdæminu. Heimilt er bæjar- eða hreppsfélagi, sem hefur gengið úr félaginu, að gerast aftur meðlimur þess með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja, enda sækji það um upptöku með eigi skemmri tíma en 4 mánaða fyrirvara, miðað við 15. október.

21. gr.

Pegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdastjórnar félagsins um fjárhagsafkomu þess, og í ljós kemur við lok reikningsárs, að brunatjón hafi ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóða-

hlut af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til annarra þeirra, sem tryggja hjá félaginu. 9
23. marz

Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af framkvæmdastjórn og miðast við það, að félaginu safnist aukið fé í varasjóð, eftir því sem váttryggingarverðmætin vaxa.

Nánari ákvæði um ágóðaúthlutun skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

22. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjald, tryggingargreinar, endurtryggingu, brunatjón og bætur til váttryggðra, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á rekstri þess og starfsemi skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

23. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

- a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum og þá einkum með ríkisábyrgð.
- b. Að öðru leyti í tryggðum verðbréfum og þá einkum með ríkisábyrgð.

Rétt er að verja fé varasjóðs til einstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Þá er og heimilt að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir að álit framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreindan fjárhag, bókhald og reikningsfærslu.

Ásrækingar félagsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er fjármála-ráðherra skipar til þess, og ákveður félagið þóknun til þeirra og greiðir hana.

24. gr.

Félagið hefur umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakir hreppar. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

25. gr.

Brjótí váttryggjandi á móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til tjónpola eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Brjótí aðrir en váttryggjendur gegn lögum þessum eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 100—5000 krónum eftir málavöxtum.

26. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 73 frá 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, lög nr. 52 frá 12. okt. 1944, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög og fyrirmæli, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Gjört að Bessastöðum, 23. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

10

23. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgr. 2. gr. laganna bætist:

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd sjá um framkvæmd samkvæmt þessari grein á því svæði, sem hreppnum heyrði til.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 180 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 10. gr. laganna komi:

Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum. Stýfa skal hægri væng fugla þeirra, sem eitraðir eru.

4. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 13. gr. laganna bætist:

Landbúnaðarráðherra lætur gera eyðublöð undir skýrslur um eyðingu refa og minka. Skulu eyðublöðin þannig gerð, að þau sýni kostnað og árangur af hverri tegund vinnslu. Eyðublöð þessi sendist þeim, er reikningshald hafa vegna vinnslunnar á hverjum stað. Skulu þeir útfylla eyðublöðin og senda þau árlega til Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ákvæði laga þessara skulu einnig gilda um kaupstaði, eftir því sem við á. Bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) og bæjarstjórnir hafa þá sömu skyldur og sýslumenn og sýslunefndir (hreppsnefndir).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETA BRÉF

11

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 74. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 4. febrúar 1955, kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1955.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

12

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

23. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „5%“ í 5. tölulið 8. gr. laganna komi: 6%.

2. gr.

Í stað „5%“ í niðurlagi 2. og 3. töluliðar 10. gr. laganna komi: 6%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. marz 1955.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

13

31. marz

L Ö G

um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með á orðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, VIII. kafli, Um reiðhjól með hjálparvél, með fjórum greinum (verða 41.—44. gr.), svo hljóðandi:

a. (41. gr.) Reiðhjól með hjálparvél nefnist í lögum þessum sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg. að þyngd.

b. (42. gr.) Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára að aldri og hafi næga kunnáttu í akstri og umferðarreglum að dómi lögreglustjóra, svo og næga andlega og líkamlega hreysti. Lögreglustjórar veita mönnum heimild til að stýra reiðhjólum með hjálparvél, og skal heimildin rituð í innlend vegabréf heimildarhafa gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Umsókn um leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél skal fylgja vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að umsækjandi hafi næga hæfni til að stjórna slíku reiðhjóli og þekki umferðarreglur. Verði vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns ekki aflað án verulegrar fyrirhafnar og tafar, skal umsækjandi snúa sér til lögreglustjóra, sem felur hæfum manni að reyna aksturskunnáttu umsækjanda og hæfni hans að öðru leyti til að aka reiðhjóli með hjálparvél. Kemur vottorð þess manns í stað vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns. Merkja skal hjól sérstaklega sem æfingahjól, meðan þau eru notuð þannig.

c. (43. gr.) Fyrir skrásetningu og skoðun reiðhjóla með hjálparvél skal greiða gjald í rikissjóð, en upphæð þess ákveður dómsmálaráðherra með reglugerð.

Reiðhjól með hjálparvél skulu undanþegin bifreiðaskatti og ökumannstryggingu, en að öðru leyti gilda um þau, ökumenn þeirra, eigendur, tryggingar og akstur, ákvæði laga þessara eftir því sem við á, svo og ákvæði laganna um refsingar og sviptingu réttinda.

d. (44. gr.) Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð reiðhjóla með hjálparvél, skrásetningu þeirra, skoðun og akstur, svo og útgáfu ökuréttinda og undirbúning þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

14

4. apríl

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. a-liður orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 40000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.
2. Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið komi: í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 97 12. des. 1945, lög nr. 93 27. nóv. 1951 og lög nr. 68 19. nóv. 1953, öll um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

15

6. apríl

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands
í lífeðlis- og lífefnafræði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 6. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

16

9. apríl

LÆKNASKIPUNARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurborg og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. *Álafosshérað:* Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjálarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi;
3. *Akranshérað:* Hvalfjarðarstrandahreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akranshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. *Kleppjárnsreykjahérað:* Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. *Stykkishólmshérað:* Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandahreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. *Búðardalshérað:* Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandahreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur og Múlahreppur. Læknissetur í Flatey;
11. *Patreksfjarðarhérað:* Barðastrandahreppur, Rauðasandshreppur, Patreksahreppur og Tálknafjarðahreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
12. *Bildudalshérað:* Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bildudal;
13. *Þingeyrarhérað:* Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
14. *Flateyjarhérað:* Mosvallahreppur, Flateyjarhreppur og Suðureyjarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
15. *Bolungarvíkurhérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. *Ísafjarðarhérað:* Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðahreppur, Nauteyjarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. *Djúpavíkurhérað:* Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík;

19. *Hólmavíkurhérað*: Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkur- 16
hreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknis- 9. apríl
setur á Hólmavík;
20. *Hvammstangahérað*: Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaða-
hreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvamm-
hreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
21. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blöndu-
óshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og
Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
22. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
23. *Sauðárkrókhérað*: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaup-
staður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og
Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
24. *Hofsóshérað*: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur,
Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
25. *Siglufjarðarhérað*: Siglufjarðarkaupstaður og Grimseyjarhreppur. Læknissetur
á Siglufirði;
26. *Ólafsfjarðarhérað*: Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
27. *Dalvíkurhérað*: Hriseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og
Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
28. *Akureyrarhérað*: Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsi-
bæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur,
Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur á Akureyri;
29. *Grenivíkurhérað*: Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;
30. *Breiðumýrarhérað*: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur
og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
31. *Húsavíkurhérað*: Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður,
Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;
32. *Kópaskershérað*: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Prest-
hólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
33. *Þórshafnarhérað*: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og
Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;
34. *Vopnafjarðarhérað*: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
35. *Norður-Egilsstaðahérað*: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstungu-
hreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðarþorpi;
36. *Austur-Egilsstaðahérað*: Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og
Skriðdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðarþorpi;
37. *Bakkagerðishérað*: Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur
í Bakkagerðisþorpi;
38. *Seyðisfjarðarhérað*: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðis-
fjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;
39. *Neshérað*: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknis-
setur í Neskaupstað;

- 16 40. *Eskifjarðarhérað*: Helgustaðahreppur, Eskifjarðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði;
9. apríl 41. *Búðahérað*: Fáskrúðsfjarðahreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðarþorpi;
42. *Djúpavogshérað*: Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
43. *Hafnarhérað*: Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
44. *Kirkjubæjarhérað*: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
45. *Víkurhérað*: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
46. *Vestmannaeyjahérað*: Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
47. *Hvolshérað*: Vestur-Eyjafjallahreppur. Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðahreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólshvoli;
48. *Helluhérað*: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. *Laugarshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. *Selfosshérað*: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. *Eyrarbakkahérað*: Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. *Hveragerðishérað*: Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. *Keflavíkurhérað*: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. *Hafnarfjarðarhérað*: Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
55. *Kópavogshérað*: Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.

Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð:

- a. *Staðarhérað*: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað;
- b. *Suðureyrarhérað*: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri;
- c. *Raufarhafnarhérað*: Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn. Ólafsvíkurhérað, Stykkishólshérað, Flateyrarhérað og Kópaskershérað skerðast samsvarandi.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrennahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðs-
hrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms; 16
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness; 9. apríl
3. Patreksfjarðarhérað: íbúar á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi til Flateyjar;
4. Bildudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Hólmanvíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpa-
víkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaup-
staðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grimseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þoroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Kópaskershérað (eftir að Raufarhafnarhérað hefur verið stofnað): íbúar
Presthólahrepps austan Blikalóns og Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufar-
hafnar;
13. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða;
14. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
15. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
16. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólshvols;
17. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hrepps-
nefnda, leyft héraðslækni að sitja um stundarsakir annars staðar en á lögskipuðu
læknissetri.

4. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna í öll þau læknishéruð, sem talin eru
í 1. gr., önnur en Reykjavíkurhérað.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af bæjarstjórn, en skipaður af
forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um um-
sækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt launalögum. Borgar-
læknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðs-
lækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjón-
ustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer
eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

5. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði laun handa allt að sex aðstoðarlæknum
héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem eru ekki starfandi læknar
aðrir en héraðslæknir, svo og í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem héraðs-
læknir gegnir umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum. Hlutað-
eigandi héraðslæknar ráða sér slíka aðstoðarlækna í samráði við landlækni, en
ráðherra staðfestir ráðningu þeirra. Um laun aðstoðarlækna fer eftir ákvæðum
launalaga.

16 Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum 9. apríl þessarar greinar, að gripa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna. Ráðherra er þó heimilt að undanþiggja aðstoðarlækna héraðslækna í einstökum héruðum slíkri kvöð.

Nú hefur læknir gegnt aðstoðarlæknisstarfi í sama héraði fimm ár eða lengur, og er þá ráðherra heimilt að skipa hann fastan aðstoðarlækni í því héraði.

Ef héraðslæknir forfallast frá störfum fyrir slysfarir, vanheilsu eða annað um stundarsakir, en þó lengur en svo, að henta þyki, að aðstoðarlæknir, ráðinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gerist staðgöngumaður hans, eða sé um að ræða héraðslækni í héraði, sem á ekki rétt á slíkum aðstoðarlækni, er ráðherra heimilt að skipa héraðslækninum staðgöngumann, er gegni héraðinu á eigin ábyrgð, og greiða úr ríkissjóði laun hans, er nemi héraðslæknislaunum í hlutaðeigandi héraði. Þessara hlunninda njóta einkum héraðslæknar, er lengi hafa gegnt embætti. Ákvæði þetta tekur einnig til annarra embættislækna en héraðslækna.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði $\frac{1}{2}$ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum, þar sem eru fjölmenn afskekkt þorp eða byggðir, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, enda sitji þá hjúkrunarkonur þessar í þeim þorpum eða byggðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Miða skal við það, að héraðshjúkrunarkonur taki laun sem aðstoðarhjúkrunarkonur samkvæmt ákvæðum launalaga.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

7. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

8. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfja-sölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkraitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í 16 barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut. 9. apríl

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna viðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Bæjarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

9. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans eftir því, sem um semur milli hans og hlutaðeigandi héraðslæknis (lyfsala) í samráði við landlækni. Náist ekki samkomulag, sker ráðherra úr. Telji ráðherra eftir atvikum eðlilegt, vegna nauðsynjar þeirra, sem viðskipti eiga við hinn starfandi lækni, að hann hafi sjálfur á hendi lyfjasölu, er ráðherra heimilt að úrskurða, að svo skuli vera, og er þá héraðslækni (lyfsala) skylt að una því bóttalaust.

10. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir svarlegum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna, er ráðherra setur.

11. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, ásamt öllum lögum um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett og enn eru í gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

17

9. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „3 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 12 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

18

12. apríl

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1952, eru veittar kr. 58 832 808.91 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr.	588 172.35
en tekjur fóru kr. 336 656.24 fram úr fjárlagaáætlun.		
2. Síminn	—	2 538 797.34
af kr. 5 000 574.53 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3. Áfengisverzlun ríkisins	—	1 168 775.83
en brúttótekjur urðu kr. 508 948.45 umfram fjárlagaáætlun.		
4. Tóbakseinkasala ríkisins	—	392 021.23
en brúttótekjur urðu kr. 8 863 135.78 umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisútvarpið	—	1 629 484.23
en tekjur fóru kr. 480 356.40 fram úr fjárlagaáætlun.		
Viðtækjaverzlunin	—	267 082.98
af kr. 522 208.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	270 274.75
af kr. 428 197.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

7. Áburðarsala ríkisins	kr.	79 114.57	18
af kr. 225 307.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			12. apríl
8. Grænmetisverzlun ríkisins	—	192 028.90	
af kr. 274 664.28 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			
9. Landssmiðjan	—	792 872.13	
af kr. 908 666.48 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	590 561.59	
en tekjur fóru kr. 590 561.59 fram úr fjárlagaáætlun.			
11. Innkaupastofnun ríkisins	—	100 220.30	
af kr. 276 372.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			
13. Vífilsstaðabú	—	660 108.76	
af kr. 662 058.31 brúttótekjum.			
14. Kleppsbú	—	380 154.08	
af kr. 385 813.72 brúttótekjum.			
15. Kópavogsbú	—	82 700.23	
af kr. 89 758.05 brúttótekjum.			
16. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	293 196.55	
af kr. 326 160.84 brúttótekjum.			
17. Skólabúið á Hólum	—	309 083.64	
en brúttótekjur urðu kr. 298 210.77.			
18. Skólabúið á Hvanneyri	—	783 639.46	
af kr. 784 169.89 brúttótekjum.			

Kr. 11 118 288.92

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.	eru veittar	kr.	1 243 457.51
— — — — 8. —	— —	—	374 224.44
— — — — 10. —	— —	—	2 202 952.39
— — — — 11. — A.	— —	—	1 525 688.36
— — — — 11. — B.	— —	—	145 581.45
— — — — 11. — C.	— —	—	1 363 448.10
— — — — 11. — D.	— —	—	64 101.17
— — — — 12. —	— —	—	1 695 294.65
— — — — 13. — A.	— —	—	4 716 896.10
— — — — 13. — B.	— —	—	5 249 447.88
— — — — 13. — C.	— —	—	1 886 287.84
— — — — 14. — A.	— —	—	29 871.88
— — — — 14. — B.	— —	—	3 008 897.45
— — — — 15. — A.	— —	—	323 677.44
— — — — 15. — B.	— —	—	128 749.52
— — — — 16. — A.	— —	—	519 785.88
— — — — 17. —	— —	—	541 679.53
— — — — 18. —	— —	—	289 142.01
— — — — 19. — 1.	— —	—	2 152 299.94
— — — — 19. — 3.	— —	—	1 844 279.74

Kr. 40 424 052.20

Frá dragast launahækkningar, sbr. 19. gr. 2. fjárlaga 1952

— 3 500 000.00

Kr. 36 924 052.20

18 Til eignaaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar kr. 21 908 756.71
 12. apríl Inn fóru kr. 12 078 730.31 fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 58 832 808.91

Gjört að Bessastöðum, 12. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.

19
 13. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla.
4. *Ísafjarðarumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðar-kaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.
5. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
6. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
7. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
8. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
9. *Austurlandsumdæmi:* Múlasýslur, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
10. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.
11. *Selfossumdæmi:* Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrabakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
12. *Laugarásumdæmi:* Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákvæðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr rikissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

19

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna fellur niður.

13. apríl

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

20

16. apríl

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

21

27. apríl

um lækningaferðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.

21

27. apríl

2. gr.

Í því skyni, sem í 1. gr. getur, semur ráðherra við nægilega marga hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir um landið með viðkomu og hæfilega langri dvöl á þeim stöðum, þar sem ætla má, að þjónustu þeirra sé mest þörf og hennar verði auðveldast og almennast notið.

Þegar því verður við komið, skal fela einum sérfræðingi hverrar greinar að ferðast um tiltekinn landshluta, og ef unnt er þeim sérfræðingi, sem búsettur er í þeim landshluta.

3. gr.

Verja má fé úr ríkissjóði til styrktar lækningaferðum, eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

Það er kvöð á því sveitarfélagi, þar sem sérfræðingur í lækningaferð samkvæmt lögum þessum hefur viðdvöl, að það sjái honum fyrir viðunandi ókeypis húsnæði til starfa sinna, svo sem í sjúkrahúsi eða læknisbústað staðarins, skóláhúsi, samkomuhúsi eða annars staðar, eftir því sem á stendur.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 12 25. jan. 1934, um augnlækningaferðir.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

22

3. maí

L Ö G

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að fresta ákæru skilorðsbundið og til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 56. gr. þessara laga svo og 24. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 27 frá 5. marz 1951.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðist svo:

Um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma.

3. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðili hefur játað brot sitt, er dómsmálaráðherra heimilt að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af því, eins og hér segir:

1. Út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15—21 árs hafa framið. 22
 2. Þegar högum sakbornings er þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir 3. maí
 samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2—3 ár. Ráðherra tiltekur hverju sinni upphafstíma frestsins.

Þegar ákæru er frestað, má setja aðila skilyrði, sem talin eru í 3. mgr. 57. gr., eftir því sem hæfa þykir. Breyta má skilyrðum á skilorðstímanum, þar á meðal lengja frestinn, en þó ekki fram yfir 5 ár alls.

Mál aðila má taka upp af nýju, ef réttarrannsókn hefst, áður en skilorðstíma lýkur, út af nýju broti, sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann rýfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau, sem honum voru sett.

Þegar rannsóknardómari telur, að ákæru kunni að verða frestað samkvæmt þessari grein, skal hann bera málið undir dómsmálaráðherra og senda honum tilögur sínar.

Nú er ákæru frestað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal ráðherra þá kynna aðila rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.

4. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má í dómi, að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma:

- a. Ákvörðun um refsingu.
- b. Fullnustu refsingar.

Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2—3 ár. Upphaf skilorðstíma skal ákveðið í dómi hverju sinni.

Frestun skal vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum, sbr. 60. gr. Frestun má einnig binda skilyrðum, eftir því sem hér segir:

1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2.—5. tölulið hér á eftir.
2. Að aðili hlíti fyrir mælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.
3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.
4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári.
5. Að aðili gangist undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru, er fjárhag hans varðar.
6. Að aðili greiði eftir getu fébætur fyrir tjón, sem hann hefur valdið með broti sínu.

Nú er heimilt að dæma aðila fésekt auk refsivistar, og má þá dæma honum að greiða fésekt, enda þótt ákvörðun um refsivist eða fullnustu refsivistardóms sé frestað.

Dómari skal kynna dómfellda rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.

5. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Þegar umsjón er gerð að skilyrði, ákveður dómsmálaráðherra, hver hana hefur á hendi. Dómsmálaráðherra getur af sjálfsdáðum eða eftir tilmælum aðila breytt

22 fyrir mælum, er umsjónarmaður setur aðila samkvæmt 2., 5. og 6. tölulið 3. mgr. 3. maí 57. gr.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli samkvæmt 4. tölulið 3. mgr. 57. gr., og getur dómsmálaráðherra þá vegna breyttra ástæðna felld skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælís, ef því er að skipta.

6. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrir mæli, sem honum hafa verið sett samkvæmt 1.—6. tölulið 3. mgr. 57. gr., getur dómsmálaráðherra krafizt, að dómari taki málið fyrir af nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn, þegar málið kemur fyrir dóm.

Nú viðurkennir aðili ekki skilorðsrof eða telur sig ekki hafa getað fullnægt skilyrðum af ástæðum, sem honum verði ekki gefin sök á, og getur hann þá krafizt úrskurðar dómara um það efni. Úrskurður samkvæmt þessari mgr. sætir kæru eftir kröfu dómsmálaráðherra eða aðila.

Þó að skilyrði hafi verið rofin, getur dómari ákveðið með úrskurði, að frestun skuli haldast, eftir atvikum með breyttum skilyrðum, þar á meðal um lengd frestsins, þó svo, að gætt sé hámarkstíma samkvæmt 2. mgr. 57. gr. Heimilt er dómsmálaráðherra að kæra þann úrskurð.

Ef refsing hefur ekki áður verið ákveðin, getur dómari dæmt refsingu, með eða án skilorðs.

Nú hefur refsing áður verið tiltekin í dómi, og ákveður dómari þá fullnustu dóms, ef frestur er ekki veittur samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur réttarrannsókn út af nýju broti aðila hafizt, áður en skilorðstíma lýkur, og er dómstólunum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóminn haldast. Kemur slíkt einkum til greina, er hið nýja brot hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varðar aðeins sektum. Ella tekur dómari bæði málin til meðferðar og dæmir þau í einu lagi. Heimilt er að hafa þann dóm skilorðsbundinn. Ef refsing er þá dæmd, skal tiltaka hana eftir reglum 77. gr., hafi hið nýja brot verið framið eftir uppsögu héraðsdóms í upphaflega málinu, en eftir reglum 78. gr., hafi hið nýja brot verið fyrr framið.

8. gr.

61. gr. laganna orðist svo:

Þegar refsing verður ekki dæmd eða hún fellur niður vegna ákvæða þessa kafla, hefur dómurinn ekki ítrekunaráhrif.

Nú er skilorðsdómur dæmdur, og verður aðili þá ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma úr gildi felldar 2. málsgrein 75. gr. og 1. málsgrein 84. gr. laga nr. 19/1940.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

23

6. maí

um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 7 22. marz 1955, um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, hef látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, og gef þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi:

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 millj. króna, er endurgreiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að $\frac{2}{3}$ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki herra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádragnum framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

23

6. maí

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
 - a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
 - b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
 - e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
 - f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. töluð 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

23

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

6. maí

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 55 25. maí 1950.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1952 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr. 287 850 000.00	kr. 317 222 003.78
2.	— — 3. — A. — ..	— 84 893 378.00	— 94 478 438.35
3.	— — 3. — B. — ..	— 10 000.00	— 2 061.24
4.	— — 4. — — ..	— 1 935 000.00	— 3 636 768.15
5.	— — 5. — — ..	— 1 500 000.00	— 4 724 242.80
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 5 950 000.00	— 87 992 322.76
	Greiðslujöfnuður		— 4 110 436.25
		Kr. 382 138 378.00	Kr. 512 166 273.33

Útborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga ..	kr. 3 783 775.00	kr. 5 027 232.51
2.	— — 8. — — ..	— 438 035.00	— 812 259.44
3.	— — 9. — — ..	— 3 544 170.00	— 3 705 771.72
4.	— — 10. — I. — ..	— 5 192 834.00	— 7 031 982.01
5.	— — 10. — II. — ..	— 777 530.00	— 820 319.31
6.	— — 10. — III. — ..	— 4 928 900.00	— 5 249 915.07
7.	— — 11. — A. — ..	— 22 600 776.00	— 24 126 464.36
8.	— — 11. — B. — ..	— 1 575 686.00	— 1 721 267.45
9.	— — 11. — C. — ..	— 8 562 945.00	— 9 926 393.10
10.	— — 11. — D. — ..	— 2 250 000.00	— 2 314 101.17
11.	— — 12. — — ..	— 24 981 170.00	— 26 676 464.65
12.	— — 13. — A. — ..	— 33 978 221.00	— 38 695 117.10
13.	— — 13. — B. — ..	— 5 003 000.00	— 10 252 447.88
14.	— — 13. — C. — ..	— 10 641 205.00	— 12 527 492.84
15.	— — 13. — D. — ..	— 3 582 617.00	— 3 225 152.30
16.	— — 14. — A. — ..	— 5 521 442.00	— 5 551 313.88
17.	— — 14. — B. — ..	— 50 771 722.00	— 53 780 619.45
18.	— — 15. — A. — ..	— 4 222 083.00	— 4 545 760.44
19.	— — 15. — B. — ..	— 5 702 790.00	— 5 831 539.52
20.	— — 16. — A. — ..	— 38 560 859.00	— 39 080 644.88
21.	— — 16. — B. — ..	— 4 981 300.00	— 4 955 297.17
22.	— — 16. — C. — ..	— 1 701 220.00	— 1 699 720.00
23.	— — 16. — D. — ..	— 6 807 361.00	— 5 342 843.74
24.	— — 17. — — ..	— 41 129 113.00	— 41 670 792.53
25.	— — 18. — — ..	— 11 158 231.00	— 11 447 373.01
26.	— — 19. — 1. — ..	— 25 000 000.00	— 27 152 299.94

27. Gjöld samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga .. kr.	3 500 000.00		24
28. — — 19. — 3. — .. —	1 500 000.00	kr. 4 508 127.95	7. maí
29. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	47 076 075.00	— 154 487 559.91	
Greiðslujöfnuður	2 665 318.00		
	Kr. 382 138 378.00	Kr. 512 166 273.33	

Gjört að Bessastöðum, 7. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

25

7. maí

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. másl. 2. málsgr. 1. gr. laganna komi:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri, á Siglufirði, í Keflavík og í Vestmannaeyjum, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félög skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félög, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanefnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparissjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikningsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagreini fyrir fyrningargjaldinu.

Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félögum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagreini ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveð-

ur, allt að 100.00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð. 26

8. maí

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlásvextir í Búnaðarbankanum eru.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á félagssvæði þess. Ákvæði þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og verður aðeins beitt um fyrningarsjóðsgjald og jarðræktarframlög, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

27

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

9. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „2%“ í 17. gr. laganna komi: 3½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

28

9. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Koma skal upp svo fljótt sem verða má sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu og rekstur slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda greiðist úr gæzluvistarsjóði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlyningar og lækningar drykkjusjúku fólki, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að ráðherra staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar sérstakri umsjá og eftirliti heilbrigðisstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

29

9. maí

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti másl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri másl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum.

3. gr.

29

9. maí

11. gr. laganna breytist á þessa leið:

1. Fyrir orðin „hellingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi: ⁶⁵/₁₀₀ rekstrarkostnaðar.
2. IV. liður orðist svo:

Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:

a. Ræktun sanda	kr. 150.00 pr. ha.
b. Ræktun annars lands	— 200.00 — —
3. V. liður orðist svo:

Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 4.00 pr. m³.
4. Á eftir VII. lið bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
 - a. Garðávaxtageymslur, steypar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m³.
 - b. Súgþurrkunarkerfi í þurrheshlöður, miðað við gólfllöt, kr. 5.00 pr. m².
5. Aftan við greinina bætist:

Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastl. ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsaðersamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags.

4. gr.

Í stað 2. málgr. 12. gr. laganna komi:

Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbættri verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málgr. þessarar greinar, greiðist 15% álag.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.

Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

5. gr.

Í stað orðanna „flóðgarða og flóðgátta $\frac{1}{3}$ kostnaðar“ í 23. gr. laganna komi: flóðgarða $\frac{1}{3}$ kostnaðar, en bygginga flóðgátta og vatnsbrúa $\frac{1}{2}$ kostnaðar.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verði á þessa leið:

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands vöð á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

Til ársloka 1955 skal þúfnasléttun í túni njóta 450 kr. framlags á ha, að viðbættri verðlagsuppbót.

29

9. maí

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og greiðist framlag á umbætur unnar 1955 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðreктarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

30

11. maí

L Ö G

um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kópavogshreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Kópavogshrepp og heitir Kópavogskaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Skipa skal sérstakan bæjarfógeta í Kópavogskaupstað, og greiðast laun hans úr ríkissjóði samkvæmt 8. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Kópavogshrepps.

4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

5. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabók. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa 30 að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, 11. maí fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórn heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sér-hver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarskóp sín, en ráðherra staðfestir þau.

7. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra.

Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleiri bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

8. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og naturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

10. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo

30 má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingar-
11. maí nefnd veita.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. almennum hafnarlögum.

12. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

17. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marz mánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágríp **30** af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því séu til- 11. maí greind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

18. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lög-sókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þess-um ályktunum.

19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lög-reglumál.

20. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starf-rækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofn-ana þessara.

21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Hreppsnefnd Kópavogshrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjar-stjórnarkosningar hafa farið fram.

Ráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Kópavogshreppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gull-bringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Kópavogi.

Skipti á eignum Gullbringu- og Kjósarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Kópavogskaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágrein-ingur, sker ráðherra úr.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

31

11. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „2% — tveir af hundraði“ í lok 4. mgr. 4. gr. laganna komi: 3½% — þrjár og hálfur af hundraði. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

32

14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.

2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. l. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. l. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

5. gr.

32

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 8. gr. l. 101/1943 komi: 14. maí fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. l. 101/1943 komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

7. gr.

Aftan við 10. gr. l. 101/1943 komi þrjár nýjar málgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

8. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 12. gr. l. 101/1943 falli niður.

9. gr.

Aftan við 12. gr. l. 101/1943 bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

1. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

11. gr.

2. másl. 3. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

12. gr.

Orðin „eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum“ í 1. mgr. 14. gr. l. 101/1943 falli niður.

13. gr.

Aftan við 3. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

32

14. maí

14. gr.

4. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslauninum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslauninum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

15. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: 2500 kr.

16. gr.

6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

17. gr.

Við 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

18. gr.

Aftan við 14. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

19. gr.

Aftan við 15. gr. l. 101/1943 komi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

20. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 16. gr. l. 101/1943 komi: 10 ár.

21. gr.

Í stað orðanna „Lífeyrissjóður Íslands“ í 3. gr. l. 40/1945 komi: Trygginga-sjóður almannatrygginga.

22. gr.

Meginmál 4. gr. l. 40/1945 orðist þannig:

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkv. lögum þessum.

23. gr.

Á eftir 17. gr. l. 101/1943 komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

24. gr.

Síðari másl. 20. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um samræmingu á mati fasteigna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnið þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnið ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Pegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Pegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkv. 6. gr., skal nefndin senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitar-

félagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt 33
 í störfum sínum. Skattanefndir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, láta samrit af afriti 14. mat
 fasteignamatsins liggja frammi í 3 vikur fasteignaeigendum til sýnis. Ef kæra berst
 skattanefnd út af matinu innan þess tíma, skal skattanefndin senda landsnefndinni
 hana, ásamt umsögn frá sér, og leggur landsnefndin úrskurð á málið.

Landsnefndin skal einnig senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í
 umdæmi þeirra.

Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær
 skuli hafa skilað svörum til hennar.

Að fengnum athugasemdum og tillögum skattanefndanna skal landsnefndin
 taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu.

8. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa
 út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeyppis öllum
 sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjó-
 rum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

9. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir rikissjóður eftir reikn-
 ingum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

10. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal rikis-
 stjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo
 og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar
 þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr.
 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru
 sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til, er miðist við það,
 að þessi gjöld hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann
 að leiða.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

34

14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 103 30 des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggjum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra friðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

5. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

6. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

7. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

8. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

9. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

10. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

11. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

12. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

13. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvenna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

14. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

34

14. maí

2. málsgr. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrissfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.

35

14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „barnakennara“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

3. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamatí þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. laganna komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

6. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

35

14. maí

7. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

9. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngöðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trygginga- yfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförunu.

10. gr.

2. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafn- háum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyris- sjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

12. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

13. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. laganna komi: 2500 kr.

14. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og

35 úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr 14. maí sjóðnum eða eigi.

15. gr.

Við 7. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

16. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem herra er launað, ef það meðaltal var herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Aftan við 13. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttur og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almennatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 14. gr. laganna komi: 10 ár.

19. gr.

Eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breyttist greinatalan samkvæmt því):

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Síðari másl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til þess að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. 14. maí

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

36

14. maí

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „og hreppsvegir“ í 1. gr. laganna komi: hreppsvegir og nýbýlavegir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur, um Höfðabrekkuheði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Örafi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis og að Stafnesi.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Miðnesheiðarvegur:* Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
5. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
6. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
7. *Álftanesvegur:* Af Hafnafjarðarvegi til Bessastaða.
8. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
9. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

- 36
14. maí
10. *Ellidavatnsvegur*: Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
 11. *Krýsuvíkur- og Selvogsvegur*: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
 12. *Þorlákshafnarvegur*: Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
 13. *Hafnarskeiðsvegur*: Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á Þjóðveginn hjá Eyrarbakka.
 14. *Reykjavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði í Ölfusi að Reykjaskóla.
 15. *Biskupstungnabraut*: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grimsnes og Biskupstungur, hjá Geysi að Gullfossi.
 16. *Tjarnarvegur*: Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Tjörn.
 17. *Reykjavegur*: Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki og Efri-Reyki á Laugardalsveg.
 18. *Bræðratunguvegur*: Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
 19. *Sogsvegur*: Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú hjá Ljósa-fossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
 20. *Kiðjabergsvegur*: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
 21. *Sólheimavegur*: Af Biskupstungnabraut austan við Svínavatn að Sólheimum.
 22. *Þingvallabraut*: Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
 23. *Grafningsvegur*: Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns, hjá Úlfljótsvatni á Sogsveg vestan Sogs nálægt Alviðru, með álmu yfir Írafossbrú á Sogsveg hjá Syðri-Brú.
 24. *Laugardalsvegur*: Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
 25. *Laugarvatnsvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
 26. *Skeiða- og Hreppavegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
 27. *Auðsholtsvegur*: Af Skeiða- og Hreppavegi austan Laxárbrúar að Auðsholti.
 28. *Langholtsvegur*: Af Auðsholtsvegi vestan við Langholtsfjall um væntanlega brú á Litlu-Laxá á Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs, með álmu um Flúðir á Hreppaveg.
 29. *Gullfossvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
 30. *Gnúpverjavegur*: Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfstöðum.
 31. *Skálholtsvegur*: Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
 32. *Villingaholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla að Gaulverjabæjarvegi.
 33. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbyggavegi.
 34. *Hamarsvegur*: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
 35. *Eyrarbyggavegur*: Frá Selfossi að Eyrarbakka.
 36. *Kaldaðarnesvegur*: Af Eyrarbyggavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
 37. *Ás- og Háfshverfisvegur*: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
 38. *Hamravegur*: Af Suðurlandsbraut vestan við Steinslæk að Hamrahóli.
 39. *Vetleifsholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.

40. *Heiðarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Hárlaugsstaði um Heiði, Kamb og Raftholt að Hreiðri. 36
14. maí
41. *Landvegur*: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land, hjá Múla að Galtalæk.
42. *Hagabraut*: Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
43. *Þykkvabæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissiðu að Hábae í Þykkvabæ, með álmu að Bala.
44. *Árbæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
45. *Gunnarsholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi á Rangársandi um Gunnarsholt að Næfurholti.
46. *Rangárvallavegur efri*: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár um Stóra-Hof, Reyðarvatn og Geldingalæk að Kaldbak.
47. *Móeiðarhvoltsvegur*: Af Suðurlandsvegi austan Djúpadals að Móeiðarhvoli.
48. *Bakkabæjavegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsa hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
49. *Út-Landeyjavegur*: Af Bakkavegi nálægt Fróðholti um Eystri-Hól að Ytrahóli, með álmu að Skúmsstöðum.
50. *Landeyjavegur syðri*: Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórs-hvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Vorsabæ.
51. *Oddavegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda, með álmu að Oddhóli.
52. *Hólmavegur*: Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
53. *Fljótshlíðarvegur*: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot að Barkarstöðum.
54. *Vallarvegur*: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
55. *Merkurvegur*: Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
56. *Sandhólmavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri, ofan við Lambhúshól á Suðurlandsveg hjá Hvammi.
57. *Skálavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hvammi um Skálabæi á Suðurlandsveg hjá Holti.
58. *Skógaskólavegur*: Af Suðurlandsvegi austan Skógaár að Skógaskóla.
59. *Dyrhólavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsalí að Dyrhólaey.
60. *Reynishverfisvegur*: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
61. *Heiðardalsvegur*: Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.
62. *Mýrdalsvegur syðri*: Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdals-sand á Álftaversveg nálægt Hraunbæ.
63. *Álftaversvegur*: Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur, um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.
64. *Búlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
65. *Meðallands- og Landbrotsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ása-brú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi, um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
66. *Holtsvegur á Siðu*: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti.

- 36
14. maí
67. *Kirkjubæjarklaustursvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
 68. *Prestbakkavegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Geirlandsá um Prestbakka að Mörtungu.
 69. *Inn-Nesja- og Mýravegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey, með álmu yfir Hornafjarðarfljót ytra undan Bjarnanesi, og á Mýraveg.
 70. *Hornsvegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.
 71. *Bæjarvegur í Lóni*: Af Suðurlandsvegi hjá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Reyðará.
 72. *Hvalnesvegur í Lóni*: Af Suðurlandsvegi hjá Svínhólum að Hvalnesi.
 73. *Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum*: Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufuá, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðaheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Heiðmerkurvegur*: Af Suðurlandsvegi að Heiðmerkurhliði.
3. *Keldnavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
4. *Úlfarsárvegur*: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
5. *Gufunesvegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Grafarholti að Gufunesi.
6. *Reykjavegur*: Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi, með álmu að Reykjalandi.
7. *Kjalarnesvegur innri*: Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallaveg hjá Seljabrekku.
8. *Eyrarfjallsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
9. *Kjósarskarðsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegur hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
10. *Reynivallavegur*: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegur hjá Möðruvöllum.
11. *Draghálsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalavatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
12. *Skorradalavegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílfossum, norðan Skorradalavatns um Fitjárbrú, og út sunnan vatnsins á Draghálsvæg hjá Stóru-Drageyri.
13. *Leirársveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá, yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
14. *Svínadalavegur*: Af Leirársveitarvegi hjá Hóli norðan Laxár, hjá Eyri á Draghálsvæg gegnt Geitabergi.
15. *Akranesvegur*: Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga
16. *Akrafjallsvegur*: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á Þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.

17. *Melasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn. 36
18. *Mófellsstaðavegur*: Af Vesturlandsvegi innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði á Draghálsveg hjá Vatnsósum. 14. maí
19. *Lundarreykjadalsvegur*: Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
20. *Skálpastaðavegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði og Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.
21. *Bæjarsveitarvegur*: Af Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, hjá Kleppjárnsreykjum á Borgarfjarðarbraut í Reykholtssdal, með álmu að Þingnesi og að flugvelli á Kálfnanesmelum.
22. *Flókadalsvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal, hjá Skógum, um brú á Geirsá, á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.
23. *Reykðælavegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum inn Reykholtssdal, yfir Reykjadalásá hjá Steindórsstöðum, að Giljum, með álmu frá Stein-dórsstöðum að Auðsstöðum.
24. *Borgarnesbraut*: Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufuár.
25. *Ferjubakkavegur*: Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
26. *Borgarfjarðarbraut*: Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur, yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtssdal og Hálsasveit að Lambá.
27. *Varmalandsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Einifelli, með álmu að Varmalandsskólum.
28. *Stafholtsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
29. *Þverárhliðarvegur*: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt, Arnbjargarlæk og Norðtungu á Borgarfjarðarbraut norðan Kláffoss, með álmu hjá Högnastöðum að Hermundarstöðum.
30. *Hvítársíðuvegur*: Af Þverárhliðarvegi um Hvítársíðu, Hvítársíðukrók og hjá Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut fyrir innan Húsafell, með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
31. *Glitstaðavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Grábrók um væntanlega brú á Norðurá að Glitstöðum.
32. *Króksvegur*: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki að Háreksstöðum.
33. *Valbjarnarvallavegur*: Af Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarholt að Valbjarnarvöllum.
34. *Álftaneshreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólmsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
35. *Álftanesvegur*: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
36. *Grímsstaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
37. *Hraunhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.
38. *Sauravegur*: Af Stykkishólmsvegi á Raftás, um Saura, Miklholt og Hamra á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
39. *Þverholtavegur*: Af Álftaneshreppsvegi austan Álftár, um Þverholt á Hraunhreppsveg austan brúar á Álftá hjá Hrafnkelsstöðum.
40. *Staðarhraunsvegur*: Af Stykkishólmsvegi á Raftás að Staðarhrauni.
41. *Skógavegur*: Af Stykkishólmsvegi nálægt Brúarhrauni að Skógum.
42. *Hnappadalvegur*: Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bildhóli, með álmu að Hallkelsstaðahlíð.

- 36
14. maí
43. *Stykkishólmsvegur*: Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
 44. *Kolviðarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðubergslæk í Eyjahreppi að Kolviðarnesi.
 45. *Hítarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
 46. *Skógarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, hjá Miklholti og Ytra-Skógarnesi að Syðra-Skógarnesi.
 47. *Stakkhamarsvegur*: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða að Stakkhamri.
 48. *Krossavegur*: Af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál um Gaul að Krossum, með álmu að Melkoti.
 49. *Ölkelduvegur*: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Slitvindastöðum.
 50. *Lýsuhólsvegur*: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan við Vatnsholtsá.
 51. *Ólafsvíkurvegur*: Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
 52. *Útnesvegur*: Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
 53. *Búðavegur*: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
 54. *Hellnavegur*: Af Útnesjavegi að Hellnum.
 55. *Rífsvegur*: Af Hellissandsvegi að Rífi.
 56. *Hellissandsvegur*: Frá Ólafsvík til Hellissands.
 57. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness, utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
 58. *Framsveitarvegur*: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði út fyrir Eyrarfjall, um Setberg og á Eyrarsveitarveg nálægt Vindási.
 59. *Bjarnarhafnarvegur*: Af Eyrarsveitarvegi til Bjarnarhafnar, með álmu að Seljum.
 60. *Helgafellssveitarvegur*: Af Stykkishólmsvegi nálægt Gríshól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjakrauni.
 61. *Borgalandsvegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Tíðaási að Þingvöllum.
 62. *Skógarstrandarvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit, um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
 63. *Langadalsvegur*: Af Skógarstrandarvegi austan Setbergsár að Litla-Langadal.
 64. *Miðdalavegur*: Frá Vesturlandsvegi vestan Tunguár, hjá Kvinnabrekku og Svalbarði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
 65. *Haukadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú, um Haukadal inn á móts við Kross.
 66. *Hörðudalsvegur*: Af Skógarstrandarvegi um Hörðudal, hjá Hlíð að Fremri-Vífilsdal.
 67. *Laxárdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði á Strandaveg utan Borðeyrar.
 68. *Sælingsdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi norðan við Leysingjastaði að Sælingsdal, með álmu að Laugum.
 69. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell á Vesturlandsveg í Saurbæ, með álmu að Skarðsstöð.
 70. *Efribýggðarvegur*: Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
 71. *Salthólmavíkurvegur*: Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
 72. *Staðarhólsvegur*: Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ, um Staðarhól að Hvammsdal.

73. *Hjarðarholtsvegur*: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals að Hjarðarholti. **36**
74. *Króksfjarðarnesvegur*: Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum 14. maí í Króksfjarðarnesi.
75. *Gautsdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
76. *Reykhólasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla og Stað að Laugalandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum, um Hofstaði að Hlíð.
77. *Gufudalsvegur*: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
78. *Bæjarnes- og Svínanesvegur*: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi, um Kvígindisfjörð og Kirkjuból að Bæ, með álmu vestan Kvígindisfjarðar að Svínanesi.
79. *Fjarðarhlíðarvegur*: Af Barðastrandarvegi við Vattarfjörð að Firði og þaðan að Skálmarnesmúla.
80. *Litlanesvegur*: Af Barðastrandarvegi á Eiði, fyrir Mjóafjörð að Litlanesi.
81. *Steinadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandavegi í Kollafirði.
82. *Strandavegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarar um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikluháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur, um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðahaiði.
83. *Kaldrananesvegur*: Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldranans.
84. *Reykjarfjarðarvegur*: Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði, um Árnes, um Eyri í Ingólfsfirði til Ófeigsfjarðar, með álmu frá Melum til Norðurfjarðar.
85. *Gjögurvegur*: Frá Árnesi að Gjögri í Reykjarfirði.
86. *Selstrandarvegur*: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd, um Drangsnæs og Bæ til Kaldranans.
87. *Ármúlavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
88. *Snæfjallastrandarvegur*: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Sandeyri.
89. *Ögurvegur*: Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall, meðfram Mjóafirði, um Ögur að Hjöllum í Skötufirði.
90. *Vatnsfjarðarvegur*: Af Ögurvegi hjá Eyri norðan Ísafjarðar um Vatnsfjörð og Skálavík á Ögurveg hjá Botni í Mjóafirði, með álmum að Þúfum og til Reykjaness.
91. *Jökulfjarðavegur*: Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Dynjanda.
92. *Aðalvíkurvegur*: Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalshaiði til Látra í Aðalvík.
93. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur*: Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
94. *Tungudalsvegur*: Frá Seljalandsbrú um Tungudal að Bunuá.
95. *Engidalsvegur*: Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.
96. *Ísafjarðarvegur*: Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
97. *Súðavíkurvegur*: Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
98. *Fjarðavegur*: Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn, um Seyðisfjörð, fyrir Hestfjörð og Skötufjörð að Hjöllum.
99. *Suðureyjarvegur*: Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði, um Botnsheiði, út með Súgandafirði, um Suðureyri að Stað.

- 36 100. *Flateyrvogur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
14. maí 101. *Hjarðardalsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
102. *Núpsvegur*: Frá Alviðruvör um Núp að vegamótum Ísafjarðarvegur hjá Gemlufalli.
103. *Ingjaldssandsvegur*: Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
104. *Dýrafjarðarvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli, inn fyrir Dýrafjörð að norðan og út að sunnan til Þingeyrar.
105. *Þingeyrvogur*: Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
106. *Arnarfjarðarvegur*: Frá Rafnseyri inn fyrir Borgarfjörð, um Mosdal og upp úr honum suður á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
107. *Haukadalsvegur*: Frá Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Lokinhömrum.
108. *Álftamýrvogur*: Af Þingeyrvogum utan við Rafnseyri til Álftamýrar.
109. *Bildudals- og Patreksfjarðarvegur*: Frá Bildudal um Hálfán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
110. *Dalahreppsvegur*: Frá Bildudal um Bakka að Selárdal í Dalahreppi.
111. *Suðurfjarðarvegur*: Frá Bildudal um Suðurfirði að Reykjarfirði og þaðan um Trostansfjörð á Arnarfjarðarveg.
112. *Tálknafjarðarvegur*: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
113. *Hvammseyrvogur*: Af Bildudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Hvammseyri.
114. *Barðastrandarvegur*: Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga og Brjánslæk, um Þingmannaheiði og Klettsháls að Kletti í Kollafirði.
115. *Rauðasandsvegur*: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
116. *Örlygshafnarvegur*: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum, með álmu frá Geitagili að Gjögri.
117. *Kollsvíkurvegur*: Frá Breiðuvík um Breið og Vatnadal til Kollsvíkur.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Viðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss, um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalshéiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklíngahlíð til Akureyrar, um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Mývatnshéiði, Mývatnssveit og Mývatnsöræfi, um Jökulsárbrú til Grímsstaða á Fjöllum.
2. *Reykjaskólavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjasjóla.
3. *Miðfjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá nálægt Núpi.
4. *Heggstaðanesvegur*: Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Bessastöðum.
5. *Hvammstangabraut*: Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
6. *Vatnsnesvegur*: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
7. *Hlíðardalsvegur*: Af Vatnsnesvegi hjá Sauðadalsá að Hlíð.
8. *Þorgrímsstaðaldalsvegur*: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um Tungu og yfir Tunguá.

9. *Vesturhópsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík. 36
10. *Vesturárdalsvegur*: Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár að Húki. 14. maí
11. *Austursíðuvegur*: Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár, um brýr á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
12. *Austurárdalsvegur*: Af Austursíðuvegi hjá Austurárbrú að Hnausakoti.
13. *Borgarvegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Viðidalsár um Síðu og Stóru-Borg á Vesturhópsveg hjá Þorfinnsstöðum.
14. *Fitjavegur*: Af Norðurlandsvegi austan Línakradals, um Hrísa að Fremri-Fitjum.
15. *Viðidalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Viðidalstungu og yfir brú á Viðidalsá.
16. *Vatnsdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir brú á Vatnsdalsá og út austan ár á Norðurlandsveg.
17. *Reykjabraut*: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svinvetningabraut hjá Tindum.
18. *Flugvallarvegur*: Af Húnvetningabraut að flugvelli hjá Akri.
19. *Svinvetningabraut*: Frá Blönduósi, hjá Svinavatni, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
20. *Bugsvegur*: Af Svinvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að Eiðsstöðum.
21. *Blöndudalsvegur*: Af Svinvetningabraut norðan Blöndubrúar að Austurhlíð.
22. *Svinadalsvegur*: Af Reykjabraut hjá Svinavatni, um Auðkúlu á Svinvetningabraut innan við Svinavatn.
23. *Svartárdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð um Bergsstaði og Hvamm að Stafnsrétt.
24. *Skagastrandarvegur*: Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum.
25. *Laxárdalsvegur*: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar að Skrapatungu.
26. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur*: Af Skagastrandarvegi utan við Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
27. *Skagavegur*: Af Gönguskarðavegi hjá Skiðastöðum út Laxárdal og Skaga að sýslumörkum.
28. *Reykjastrandarvegur*: Af Gönguskarðavegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
29. *Sauðárkróksbraut*: Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
30. *Sæmundarhlíðarvegur*: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði að Sólheimum.
31. *Skagafjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð, um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
32. *Efribyggðarvegur*: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði um Efribbyggð að Skagafjarðarvegi norðan Mælifellsár.
33. *Vesturdalsvegur*: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi að Litluhlíð í Vesturdal.
34. *Austurdalsvegur*: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum yfir Jökulsá vestri að Bústöðum.
35. *Út-Blönduhlíðarvegur*: Af Hofsóssvegi austan Héraðsvatna, um Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
36. *Hofsóssvegur*: Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss, með álmu inn Deildardal að Kambi.
37. *Hegranesvegur*: Af Hofsóssvegi hjá Garði að Ríp.

- 36 38. *Hólavegur*: Af Hofsóssvegi hjá Miklahóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
14. maí 39. *Siglufjarðarvegur*: Frá Hofsósi um Sléttuhlið, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
40. *Flókadalsvegur vestri*: Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að Neskoti.
41. *Siglufjarðarvegur ytri*: Frá Siglufjarðarkaupstað fyrir Stráka, um Úlfsdali og Almenningskriður á Siglufjarðarveg fyrir utan Hraun í Fljótum (enda leiði rannsókn, framkvæmd af vegamálastjóra skv. þingsályktun, samþ. á Alþingi 1954, í ljós, að unnt sé að leggja þar veg vegna staðháttu og án óeðlilegs kostnaðar).
42. *Flókadalsvegur eystri*: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
43. *Ólafsfjarðarvegur*: Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
44. *Múlavegur*: Frá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.
45. *Ólafsfjarðarvegur eystri*: Frá Ólafsfjarðarkaupstað inn undir Hól, yfir Fjarðará á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
46. *Hörgárdalsvegur innri*: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk um Hörgárbrú hjá Þúfnavöllum að Flögu.
47. *Hörgárdalsvegur ytri*: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl að Hörgárdalsvegi innri, með álmu að Sörlatungu.
48. *Dalvíkurvegur*: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
49. *Hauganesvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Stærri-Árskógi að Hauganesi.
50. *Árskógssandvegur*: Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
51. *Svarfaðardalsvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
52. *Hrisavegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Hrisum, um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá á Svarfaðardalsveg hjá Hreiðarsstöðum.
53. *Hjalteyrarvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
54. *Dagverðareyrarvegur*: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri.
55. *Eyjafjarðarbraut*: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli og álmu frá Samkomugerði inn Djúpadal að Litladal.
56. *Laugalandssvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
57. *Vatnsendavegur*: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda.
58. *Svalbarðsstrandarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum, um Svalbarðsströnd á Fnjóskadalsveg eystri austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
59. *Fnjóskadalsvegur eystri*: Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
60. *Fnjóskadalsvegur vestri*: Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Illugastöðum.
61. *Kljástrandarvegur*: Af Fnjóskadalsvegi eystri utan við Gljúfurárbrú, um Höfða að Kljáströnd.
62. *Svalbarðseyrarvegur*: Af Norðurlandsvegi ofan við Geldingsárbrú til Svalbarðseyrar.
63. *Kinnarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldu-

- kinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Þingeyjarsýslubraut hjá Garði í Aðaldal.
64. *Út-Kinnarvegur*: Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
65. *Reykjahverfisvegur*: Af Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Þingeyjarsýslubraut hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
66. *Laxárdalsvegur*: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár, um Þverá og yfir Laxá hjá Brettingsstöðum.
67. *Bárðardalsvegur vestri*: Af Norðurlandsvegi við Kvislarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg eystri.
68. *Bárðardalsvegur eystri*: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um Bárðardal austan Skjálfandafljóts, inn að Víðikeri.
69. *Þingeyjarsýslubraut*: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri, um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes og Kelduhverfi, um Jökulsárbrú í Axarfirði að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega.
70. *Mývatnssveitarvegur nyrðri*: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni í Mývatnsveit, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.
71. *Reykjaheiðarvegur*: Frá Húsavík um Reykjaheiði að vegamótum Þingeyjarsýslubrautar hjá Lóni í Kelduhverfi.
72. *Austurhlíðarvegur*: Af Norðurlandsvegi sunnan við Breiðumýri, um Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalssá hjá Ökrum á Þingeyjarsýslubraut nálægt Glaumbæ.
73. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskaupún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
74. *Sandsvegur*: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú.
75. *Hólsfjallavegur*: Frá vegamótum austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi, á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum, með álmu að Hafurstöðum.
76. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur*: Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
77. *Holtsgvegur*: Af Þistilfjarðarvegi við Garðá um Holt að Laxárdal.
78. *Langanesvegur*: Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.
79. *Eiðisvegur*: Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði, með álmu að Ártúni.
80. *Ytralónsvegur*: Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum, með álmu að Grund.
81. *Hálsvegur*: Frá Þórshöfn að Hóli.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydöllum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs, um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*: Frá Þórshöfn norðan Brekkaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur*: Af Strandavegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi, um Hafnarkaupún út að Steintúni.

36
14. maí

4. *Vopnafjarðarvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal og Hofsaárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur*: Af Strandavegi nálægt Vesturá, um Vesturárdal á Vopnafjarðarvegi fyrir innan Hof.
6. *Strandhafnarvegur*: Af Strandavegi við Borgarlæk um Ljósaland að Strandhöfn.
7. *Sunnudalsvegur í Vopnafirði*: Af Strandavegi austan við Hofsá að Síreksstöðum.
8. *Jökuldalsvegur*: Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal, um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
9. *Jökuldalsvegur eystri*: Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda, inn Jökuldal, um Jökulsárbrú hjá Hjarðarhaga og á Austurlandsveg.
10. *Hróarstunguvegur nyrðri*: Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
11. *Hróarstunguvegur eystri*: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg nálægt Ásgrímsstöðum.
12. *Kirkjubæjarvegur*: Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka, um Hallfreðarstaði og Kirkjubæ að Gunnhildargerði.
13. *Upphéraðsvegur*: Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell að Hóli í Fljótsdal.
14. *Fellavegur efri*: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Hafrafell og Fjallsel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
15. *Fjarðarheiðarvegur*: Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
16. *Seyðisfjarðarvegur syðri*: Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
17. *Seyðisfjarðarvegur nyrðri*: Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
18. *Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur*: Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú, um Eiða, út Hjaltastaðapínghá hjá Bóndastöðum og yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, yfir Vatnsskarð um Njarðvík til Bakkagerðis í Borgarfirði.
19. *Hólalandsvegur í Borgarfirði*: Frá Bakkagerði um Borgarfjörð nálægt Hólalandi, yfir Fjarðará að Hvannstöði.
20. *Fjallabæjavegur*: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig og Hamra-gerði að Ánastöðum.
21. *Hjaltastaðavegur*: Af Úthéraðsvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað og Sandbrekku á Úthéraðsveg austan við Gagnstöð.
22. *Fagradalsbraut*: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
23. *Eskifjarðarvegur*: Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
24. *Norðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
25. *Hólavegur í Norðfirði*: Af Norðfjarðarvegi hjá Skálateigi að Hólum.
26. *Viðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
27. *Vaðlavíkurvegur*: Af Viðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði að Vöðlum í Vaðlavík.
28. *Skóga- og Fljótsdalsvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg skammt utan við Valþjófsstað, með álmu að Viðivallagerði.
29. *Skriðdalsvegur*: Af Skógavegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á

Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að 36
Geitdal.

14. maí

30. *Pórdalsheiðarvegur*: Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Pórdalsheiði á Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
31. *Mjóafjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl, um Mjóafjarðarheiði og norðurbyggð Mjóafjarðar að Dalatanga.
32. *Fáskrúðsfjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
33. *Vattarnesvegur*: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla, um Vattarnes og á Fáskrúðsfjarðarveg innan við Kolfreyjustað.
34. *Dalavegur í Fáskrúðsfirði*: Af Stöðvarfjarðarvegi norðan Dalsár að Dölum.
35. *Breiðdalsvíkurvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
36. *Norðurdalsvegur*: Af Austurlandsvegi í Breiðdal, um Norðurdal að Þorvaldstöðum.
37. *Breiðdalsvegur syðri*: Af Austurlandsvegi sunnan við Breiðdalsárbrú að Flögu.
38. *Stöðvarfjarðarvegur*: Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir eru aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma í byggð.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir skulu lagðir með hliðsjón af því skipulagi byggðarinnar, sem gert hefur verið eða samþykkt af nýbýlastjórn ríkisins, og hefur landnám ríkisins umsjón með allri vinnu við nýbýlavegi í samráði og samvinnu við vegamálastjóra um framkvæmd vegagerðarinnar.

Vegagerð þessi kemur til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar í fjárlögum.

Nú er lokið við að leggja nýbýlaveg að dómi vegamálastjóra, og er hlutaðeigandi sýslunefnd þá skylt að taka veginn upp í tölu sýsluvega og annast viðhald hans. Heimreið eða veg af nýbýlavegi til nýbýlis kostar nýbýlingur og nýbýlastjórn í sameiningu, en nýbýlingur viðhaldið.

5. gr.

36. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsg. orðist svo:

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má ekki setja nær alfaravegi um óræktað land en 4 metra frá vegbrún, og ekki nær en 2 metra um ræktað land.

b. 2. málsg. orðist svo:

Girðingar úr gaddavír má hvergi setja nær vegbrún en 8 metra.

c. 6. málsg. orðist svo:

EKKI má reisa hús nær vegbrún en 10 metra frá þjóðvegi eða sýsluvegi, nema leyfi vegamálastjórnarinnar komi til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

36

Ákvæði til bráðabirgða.

14. maí Á árinu 1955 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

37

L Ö G

14. maí

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða $\frac{1}{2}\%$ af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni, áður en útsvör eru ákveðin. Þar til lokið er endurskoðun á lög-gjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, skal gjald síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði til bæjarsjóðs Siglufjarðar þó aldrei vera minna en kr. 100000.00.

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

Verksmiðjurnar greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 51 27. júní 1941 og lög nr. 48 14. apríl 1943.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

38

14. maí

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954,
um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattaauka á tekjur, og ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

2. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954, um álag á eignarskatt, skulu gilda við álagningu eignarskatts árið 1955.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

39

16. maí

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:

Árlegt framlag úr rikissjóði, 1,6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lásupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

16. maí Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Framlag ríkissjóðs, 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956.
3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsmálaráðherra.

Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

- a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánnum.
- b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og $\frac{3}{5}$ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti. Hámark lána er kr.

1 250 000.00 — ein milljón tvö hundruð og fimmtíu þúsund — til fiskiskipa og 40
kr. 600 000.00 — sex hundruð þúsund — til fasteigna. Lengsti lánstími er 20 ár. 16. maí

Útborgun lána samkvæmt þessari grein skal haga svo, að $\frac{1}{3}$ láns greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn, $\frac{1}{3}$ hluti þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, en lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

6. gr.

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum $5\frac{1}{2}\%$ á ári. Gjaldldagi lána er 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir skulu vera $\frac{3}{4}\%$ fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

7. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðs megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingargærðir. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, eða láta leggja það Fiskveiðasjóði út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóður ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

40

16. maí 12. gr.
Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og rekstur.

Skipun forstjóra sjóðsins er háð samþykki ráðherra.

15. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og rekstur, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 2. apríl 1943, lög nr. 107 30. desember 1943, lög nr. 39 29. apríl 1946 og lög nr. 120 20. desember 1951.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

41

17. maí

um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Stofnkostnaður.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hvar stofna skuli og reka skóla gagnfræðastígs, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólanefndar.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fyrrgreindra aðila, hvort stofna og reka skuli heimangöngu- eða heimavistar-skóla barnafræðslustígs og gagnfræðastígs í hverju skólahverfi um sig.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem því verður við komið, en heimavistar-skólar að öðrum kosti.

2. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir og lendum til barna-skóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem þörf krefur, svo sem undir skólahús, íþróttahús, sundlaugar, leikvelli, bústaði skólastjóra, kennara og starfsmanna, svo og undir önnur þau mannvirki, sem skólanum eru nauðsynleg.

Ríkisframlög til skóla eru bundin þeim skilyrðum, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt skólastaðinn að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotaréttur hennar tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi og að fullnaðarteikningar mannvirkjanna og nákvæm kostnaðaráætlun hafi hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða skólafrankvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja frankvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hvernar frankvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi. Síðastnefnt ákvæði tekur þó aðeins til framlaga, sem ákveðin eru, eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru frankvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar við heimangönguskóla barnafræðslustígs og gagnfræðastígs. Skólastjóra-bústaði við heimangönguskóla barnafræðslustígs greiðir ríkissjóður þó að þremur fjórðu hlutum.

Stofnkostnað heimavistar-skóla barnafræðslustígs og gagnfræðastígs svo og húsmæðraskóla greiðir ríkissjóður að þremur fjórðu hlutum.

Hinn hluta stofnkostnaðar greiða hlutaðeigandi sveitarfélög. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki

41 verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við 17. maí samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

Í heimavistarskólum barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, svo og húsmæðraskóla, teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Hverjum heimangönguskóla barnafræðslustigs skal fylgja íbúð skólastjóra. Heimavistarskólum barnafræðslustigs skal einnig fylgja íbúð skólastjóra svo og íbúðir kennara og annars nauðsynlegs starfsfólks. Ef bú er rekið í sambandi við gagnfræðastigsskóla, skal bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar teljast til stofnkostnaðar.

Fullnaðargreiðsla á framlagi ríkisins er bundin því skilyrði, að mannvirkin séu tekin út af trúnaðarmanni ríkisins. Skal þess gætt við úttektina og þegar úrskurðaðir eru stofnkostnaðarreikningar, að ekki séu samþykktar lélegar byggingar né heldur íburður eða annar kostnaður fram yfir það, sem ráð er gert fyrir í áætlunum þeim, sem staðfestar hafa verið.

4. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skólastað getur komið í stað heimavista eða stuðlar að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla, að dómi menntamálaráðherra að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, fjármálaeftirlitsmanns skólanna, námsstjóra og hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða, skal greiða framlag úr ríkissjóði til kaupa á skólábifreið, er nemi þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs. Fjárveiting og greiðsla á framlagi ríkissjóðs í þessu skyni er háð sömu skilyrðum og reglum sem til annars stofnkostnaðar, sbr. 3. mgr. 2. gr.

II. KAFLI

Rekstrarkostnaður.

5. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla eru starfsmenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

6. gr.

Tölu fastra kennara við barnaskóla skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færri fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Í skólum með færri en 150 nemendum skal þó ætla nokkru færri börn á kennara eftir reglum, er menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

7. gr.

Við skóla gagnfræðastigsins skal miða tölu fastra kennara: 1) við árlegan starfstíma skóla, 2) við nemendafjölda og 3) við það, hversu verknám er mikið, eftir reglum þeim, sem hér greinir:

- a. Í bóknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 30 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 28 nemendur á kennara, og 26, sé nemendafjöldi minni.
- b. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er $\frac{1}{4}$ og allt að $\frac{1}{3}$ hluta námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 28 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 26 nemendur á kennara, og 24, sé nemendafjöldi minni.

- c. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er $\frac{1}{3}$ og allt að $\frac{5}{12}$ hlutum námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 26 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 24 nemendur á kennara, og 22, sé nemendafjöldi minni. 41 17. maí
- d. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er $\frac{5}{12}$ og allt að $\frac{1}{2}$ námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 24 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 22 nemendur á kennara, og 20, sé nemendafjöldi minni.
- e. Í verknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 15 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 14 nemendur á kennara, og sé nemendafjöldi minni en 60, komi 13 nemendur á kennara.
- Nú starfar skóli samkvæmt a—d-liðum skemur en 9 mánuði, og skal þá ætla 2 nemendum færri á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skóli starfar skemur, allt niður í 6 mánuði. Ef um er að ræða skóla samkvæmt e-lið, skal með sama hætti ætla einum nemanda færri á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skólinn starfar skemur en 9 mánuði, allt niður í 6 mánuði.

Eigi má starfrækja einstakar deildir í gagnfræðastigsskólum með færri nemendum en 15 í bóknámsdeild, miðað við 9 mánaða árlegan starfstíma. Undanþágu getur menntamálaráðuneytið þó veitt í eitt til tvö ár, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, ef ætla má, að nemendafæðin sé stundarfyrirbæri. Lágmarkstala þessi lækkar um einn nemanda fyrir hvern mánuð, er skóli starfar skemur, og nemendatalan lækkar hlutfallslega eftir því, hve verknám er mikið, sbr. reglur í a—e-liðum þessarar greinar. Lágmarkstala þessi miðast við $\frac{1}{2}$ hámarkstölu nemenda á kennara í hverjum staflíð a—e þessarar greinar.

Þegar starfstími skóla er styttri en 6 mánuðir og nemendur færri en greinir í a—e-liðum, tekur ríkissjóður hlutfallslegan þátt í kennslukostnaði miðað við nemendafjölda og starfstíma annars vegar og fulla nemendatölu á kennara og hámarksstarfstíma hins vegar.

8. gr.

Í húsmæðraskóla skal miða tölu fastra kennara við: 1) árlegan starfstíma skóla, 2) nemendafjölda og 3) hvort skóli er heimavistarskóli eða heimangönguskóli.

Í heimavistarskólum, er starfa 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 12 nemendur á hvern kennara. Sé tala nemenda á milli 24 og 36, komi 11 nemendur á kennara, og sé tala nemenda lægri en 24, komi 10 nemendur á kennara,

Í heimangönguskólum, er starfa í 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 16 nemendur á hvern kennara. Sé nemendafjöldi á milli 24 og 36, komi 15 nemendur á kennara, og séu nemendur færri en 24, komi 14 nemendur á kennara.

Auk þess skal, starfi skóli skemur en 9 mánuði, ætla 1 nemanda færri á hvern kennara fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar skemur, allt niður í 7 mánuði.

Húsmæðraskóli verður ekki starfræktur með færri nemendum en 15 í deild.

Ef starfstími skóla er styttri og nemendur færri en að framan segir, má með sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, starfrækja námskeið, og tekur þá ríkissjóður hlutfallslega þátt í greiðslu kennslukostnaðar, miðað við nemendatölu og starfstíma annars vegar og hámarksstarfstíma og fulla nemendatölu hins vegar.

9. gr.

Skólanefnd getur með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og fjármálaeftirlitsmanns skólanna, ákveðið, að kennurum séu falin sérstök störf í þágu skólans, þar með talin umsjónarstörf í heimavistarskólum, gegn því að lögboðnum kennslustundum þeirra sé fækkað sem því nemur. Skulu störf þessi metin til jafns við kennslustundir af viðkomandi skóla-

41 stjóra og námsstjóra, eftir því sem reglugerð ákveður. Skal taka tillit til þessara 17. maí starfa, þegar reiknaður er út réttur skólanna til kennaralauna, er ríkissjóður greiðir.

10. gr.

Nú eru fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla færri en nemendafjöldinn segir til um, en nemendafjöldi þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og skal þá greiða úr ríkissjóði fyrir stundakennslu í réttu hlutfalli við þann nemendafjölda, sem umfram er, og í sama hlutfalli sem ríkissjóður greiðir fyrir aðra kennslu. Ef nefnd umframtala nær helmingi þess nemendafjölda, sem föstum kennara er ætlaður, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að setja fastan kennara. Ríkissjóður tekur ekki þátt í greiðslu stundakennslu fram yfir það, sem hér var talið.

Kostnað af forfallakennslu, þ. e. vegna veikindaforfalla kennara, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, greiðir ríkissjóður vegna þeirra kennara, er hann launar, í sömu hlutföllum og laun þeirra.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslufulltrúans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að $\frac{1}{4}$ hluta.

Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti.

12. gr.

Nú er húsnæði tekið á leigu til skólahalds með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, vegna barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla, og skal þá húsaleiga greidd af ríkissjóði og sveitarfélögum í sama hlutfalli og stofnkostnaður, sbr. 3. gr. Sama gildir um kostnað af aukinni kennslu, þegar svo stendur á, að kennslustofur rúma ekki fullskipaða deild.

13. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skóla með skólabifreiðum stuðlar að því að sameina smá skólahverfi eða fámenna skóla, eða sparist við það rekstur heimavista, sbr. 4. gr., greiðir ríkissjóður $\frac{3}{4}$ hluta flutningskostnaðarins. Fargjöld og annan flutningskostnað nemenda, ef nauðsynlegur telst að dómi aðila, er um getur í 4. gr., endurgreiðir ríkissjóður að $\frac{1}{4}$ hluta.

Menntamálaráðuneytið setur reglu um leyfi til rekstrar skólabifreiða, nauðsyn og skipulag flutninga, reikningshald og meðferð bifreiða, sem skólar eiga, og leigusamninga leigðra skólabifreiða.

14. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða viðhaldskostnað á eignum barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla í sömu hlutföllum og stofnkostnað, sbr. 3. gr. Áætla skal viðhaldskostnaðinn og leita samþykkis menntamálaráðuneytisins um allar viðhaldsframkvæmdir, sem áætlaðar eru samtals yfir kr. 20 000.00.

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, er viðhaldskostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

15. gr.

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður $\frac{3}{4}$ hluta upphitunarkostnaðar.

16. gr.

41

Sveitarfélög greiða annan kostnað af barnaskólahaldi en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, en ríkissjóður endurgreiðir þeim fjórða hluta kostnaðarins.

Annar kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður að hálfu, en sveitarfélög að hálfu.

Til kostnaðar samkvæmt þessari grein telst meðal annars laun starfsfólks, annars en þess, sem talið er í 5.—11. gr., laun kennara fyrir heimavinnu, kostnaður af starfi skólanefnda og fræðsluráða, prófkostnaður, ljós, hiti (sbr. þó 15. gr.), ræsting, skrifstofukostnaður, skattar og opinber gjöld, váttryggingargjöld, efni til matreiðslukennslu, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd, kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 52. gr. laga nr. 34/1946, sérstakur kostnaður, sem nauðsynlegt er að greiða vegna ákvæða 6. gr. sömu laga, svo og allur annar kostnaður, sem rekstur skóla hefur í för með sér og nánar verður ákveðinn í reglugerð.

Fullnaðargreiðsla framangreinds kostnaðar úr ríkissjóði er bundin því skilyrði, að fram séu komnar fullnægjandi skýrslur um skólahaldið og reikningar úrskurðaðir.

17. gr.

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðiljar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla.

18. gr.

Skólar gagnfræðastigsins og húsmæðraskólar eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra, námsstjóra og viðkomandi skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

III. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit.

19. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, er um getur í lögum þessum, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða öðrum að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, skal val sérstaks reikningshaldara vera háð samþykki menntamálaráðuneytis.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga og sýslufélaga, og sendir skulu þeir menntamálaráðuneytinu. Endurrit af reikningum skólanna skal samtímis senda fræðslumálastofnunni.

20. gr.

Námsstjórar skulu veita leiðbeiningar um bókhald í skólum, sem umsjón þeirra lúta, og hafa eftirlit með eignum þeirra, fjárreiðum og reikningsfærslu. Þeir skulu framkvæma efnislega (kritiska) og tölulega endurskoðun á bókhaldi skólanna og ársreikningum. Skal endurskoðun ársreikninga lokið fyrir 1. júlí ár hvert.

17. maí

41

17. maí

21. gr.

Menntamálaráðuneytið felur sérstökum reikningsfróðum og skólafróðum manni að hafa yfirumsjón með eftirlitsstarfi og endurskoðunarstarfi þessu og eftirlit með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara. Skulu honum afhentir allir ársreikningar skólanna til eftirlits og úrskurðar um greiðslur úr ríkissjóði. Rísi ágreiningur milli hans og sveitarstjórnar um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar meðal annars greint, hvað teljast skuli til nauðsynlegs stofn-
kostnaðar, svo sem hús, húsbúnaður, kennsluáhöld o. s. frv., svo og hvað heyrir til rekstrarkostnaðar, enda sé þá við það miðað, að skólinn búi frá upphafi við þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til þess, að hann geti starfað og náð þeim tilgangi, sem honum er ákveðinn í lögum. Í reglugerðina skal einnig setja ákvæði um bókhald skóla og reikningsskil.

23. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., 22. gr., 24. gr., orðin „og reikninga“ í 2. málslíð 32. gr., 33. gr., síðari málslíður 34. gr., fyrri málslíður 49. gr., 2., 3. og 4. málslíður 51. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, 4. gr., fyrri málslíður 47. gr., síðasti málslíður 48. gr., 50. gr., 52.—55. gr., fyrsti málslíður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 56. gr., 57. gr., 61. gr.

Lög nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu, 6.—9. gr., fyrsti málslíður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 11. gr.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

42

18. maí

um almenningsbókasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kópavogskaupstaður og Kjósarsýsla.
3. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
5. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
6. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
8. Dalasýsla.
9. Austur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
12. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
13. Strandasýsla.
14. Vestur-Húnavatnssýsla.
15. Austur-Húnavatnssýsla.
16. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
17. Siglufjörður
18. Ólafsfjörður.
19. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
20. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
21. Norður-Þingeyjarsýsla.
22. Fljótsdalshérað.
23. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
24. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
25. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
26. Austur-Skaftafellssýsla.
27. Vestur-Skaftafellssýsla.
28. Rangárvallasýsla.
29. Vestmannaeyjar.
30. Árnessýsla.

42

18. maí

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Kópavogskaupstaður. 3. Hafnarfjörður. 4. Keflavík. 5. Akranes. 6. Borgarnes. 7. Stykkishólmur. 8. Búðardalur. 9. Reykhólar. 10. Patreksfjörður. 11. Þingeyri. 12. Ísafjörður. 13. Hólmavík. 14. Hvammstangi. 15. Blönduós. 16. Sauðárkrókur. 17. Siglufjörður. 18. Ólafsfjörður. 19. Akureyri. 20. Húsavík. 21. Kópasker. 22. Egilsstaðir. 23. Seyðisfjörður. 24. Neskaupstaður. 25. Eskifjörður. 26. Höfn í Hornafirði. 27. Vík í Mýrdal. 28. Hvolsvöllur. 29. Vestmannaeyjar. 30. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir um í þessari grein.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldríta, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bóka-kostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bóka-vörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bóka-vörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatríði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavardar.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þess.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins

eða hreppsins. Þar af greiðast 3 krónur úr hlutaðeigandi sýslusjóði, sé safnið staðsett í hreppi. 42

18. maí

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa og greiðist úr sýslusjóði, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmanaðar og hin síðari fyrir lok septembermanaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar, er hana kjósa, ákveða. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 12. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti herra heildarframlagi en sem nemur kr. 20.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

17. gr.

Skyllt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagsheimili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

42

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum. 18. maí

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum lita eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistar-skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðs-bókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemandu miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

- 42 Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bóka-
18. maí fulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bóka-
fulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

IV. KAFLI Almenn ákvæði.

25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið. Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim ráðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistiðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

29. gr.

Skylt er að vát tryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

42

18. maí

30. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslu-
málastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leið-
beina stjórnnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bóka-
safna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

VI. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna
ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1956.

32. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða
lestrarfélög, úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir árslok 1955, og sitji þær þar
til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

43

18. maí

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreasen, Tórbjörn Ragnar Karl Franklin, vinnumaður á Korpúlfsstöðum,
fæddur 23. október 1931 í Færeyjum.
2. Arge, Anton Sofus, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. nóvember 1900 í Fær-
eyjum.
3. Babel, Ingólfur, námsmaður í Reykjavík, fæddur 13. júní 1937 í Þýzkalandi.
4. Bakker, Agnes Dominica, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 15. apríl 1899 í
Hollandi.

- 43 5. Ballering, Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 30. marz 1903 í
18. maí Hollandi.
6. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
7. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
8. Beth, Hans Jürgen Hermann, húsgagnasmiður í Borgarfirði, fæddur 13. apríl 1930 í Þýzkalandi.
9. Bjarni Erik Einarsson, verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur 5. apríl 1911 í Danmörku.
10. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febrúar 1917 í Danmörku.
11. Christoffersen, Hans Peter, byggingaverkamaður á Akureyri, fæddur 11. febrúar 1897 í Danmörku.
12. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
13. Doretz, Günther Wolfgang Hermann, vinnupiltur að Miðfelli í Hrunamanna-hreppi, fæddur 13. september 1939 í Þýzkalandi.
14. Einar Guðmundur Vestmann Einarsson, járnsmiður á Akranesi, fæddur 4. júní 1918 í Kanada.
15. Friedlaender, Heinz Karl, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzka-landi.
16. van Fulpen, Maria Agnes Henrika Mathilda Antonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 13. júní 1924 í Hollandi.
17. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
18. Guðrún Ólafsdóttir, Reykjavík, fædd 31. júlí 1879 á Íslandi.
19. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Fær-eyjum.
20. Hansen, Leif Bernstorff, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1921 í Dan-mörku.
21. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
22. Haslund, Leifur Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. marz 1934 í Danmörku.
23. Haslund, Otto Örn Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. maí 1935 í Danmörku.
24. Helgi Nikulás Vestmann Einarsson, lögregluþjónn á Akranesi, fæddur 12. júní 1915 í Kanada.
25. Holmboe, Egil Anker Morgenstjerne, skrifstofumaður í Keflavík, fæddur 24. apríl 1896 í Noregi.
26. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
27. Holz, Christa Ella, húsmóðir í Reykjavík, fædd 18. júní 1929 í Þýzkalandi.
28. Jacobsen, Betzy Elking Adelaide Frederikke, húsmóðir í Reykjavík, fædd 25. maí 1928 í Færeyjum.
29. Jacobsen, Tröndur, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Fær-eyjum.
30. Jensen, Bjarne Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 5. apríl 1936 í Dan-mörku.
31. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Dan-mörku.
32. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. janúar 1919 í Noregi.
33. Kári Guðjónsson, sjómaður, Reykjavík, fæddur 3. október 1927 í Noregi.

34. Kecskés, Endré, verzlunarmaður, Reykjavík, fæddur 8. október 1900 í Ung- **43**
verjalandi. 18. maí
35. Kecskés, Nanna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. júní 1912 á Íslandi.
36. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
37. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn, Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
38. Knippen, Maria Elia Appolonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 29. júní 1916 í Hollandi.
39. Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
40. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
41. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
42. Kroon, Maria Cornelia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 8. apríl 1905 í Hollandi.
43. Kuhn, Dietrich, námsmaður, Reykjavík, fæddur 4. ágúst 1934 í Þýzkalandi.
44. Lambrechts, Fridtjof Johannes, sjómaður, Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
45. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
46. Lorenzen, Lorenz, bústjóri í Skálatúni í Mosfellssveit, fæddur 18. desember 1919 í Þýzkalandi.
47. Louis Kristinn Ottósson, vélfræðingur í Grimsby, fæddur 20. júní 1925 í Eng-
landi.
48. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
49. May, Hans Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzka-
landi.
50. van der Meer, Josefa Jacoba Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 27. janúar 1912 í Hollandi.
51. Mikkelsen, Niels Erik, landbúnaðarverkamaður á Syðri-Reykjum í Biskups-
tungum, fæddur 5. apríl 1928 í Danmörku.
52. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
53. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 2.
maí 1912 í Austurríki.
54. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1913 í Þýzkalandi.
55. Nielsen, Lydia Oluffa, húsmóðir í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
56. Nielsen, Niels Sofus Georg, verkamaður í Borgarfjarðarhreppi, fæddur 16.
febrúar 1926 í Færeyjum.
57. Petersen, Adolf Björn, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1894 á
Íslandi.
58. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmíður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915
í Danmörku.
59. Petty, Walter Raymond, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 6. marz 1919 í
Englandi.
60. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916
í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
61. Ransýn, Maria Magdalena Catharina Petronella, karmelnunna í Hafnarfirði,
fædd 24. janúar 1906 í Hollandi.
62. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í
Þýzkalandi.
63. Tavsén, Peter Andreas, sjómaður, Hofsósi, fæddur 20. september 1919 í Fær-
eyjum.
64. Thorberg, Flemming, sjómaður, Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
65. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.

- 43 66. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
18. maí 67. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
68. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.
69. Zeeuw, Margaretha de, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

2. gr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

44

18. maí

HEILSUVERNDARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kaupstaðir og önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sem reka heilsuverndarstöðvar samkvæmt ákvæðum laga þessara, hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, er nemur þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar samkvæmt úrskurði ráðherra.

Nú er sveitarfélag ekki aðili að rekstri heilsuverndarstöðvar í nágrenni þess, og má þó heilsuverndarstöðin með samþykki ráðherra taka að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir sveitarfélagið fyrir umsamið hæfilegt gjald, enda greiðist þriðjungur þess úr ríkissjóði.

2. gr.

Helztu heilsuverndargreinar eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd.
5. Íþróttæftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Kynsjúkdómavarnir.
9. Áfengisvarnir.
10. Geðvernd.
11. Almennar sjúkdómavarnir.
12. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
13. Almennar þrifnaðarráðstafanir.

3. gr.

44

Ákveða skal í reglugerð, er sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir, um starfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, og hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.

Að öðru leyti, og þar sem kostnaður af rekstri heilsuverndargreina samkvæmt 1. málsg. verður ekki aðgreindur sérstaklega, fer um þátt sjúkrasamlaga í greiðslu kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva eftir samkomulagi sveitarstjórna við sjúkrasamlögin. Ef samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjungum eðlilegs rekstrarkostnaðar.

Nú taka gildi ákvæði almannatryggingalaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

5. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, að mati ráðherra, að komið sé upp sérstökum byggingum til rekstrar heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum, fer um þær framkvæmdir og styrk úr ríkissjóði til þeirra sem um sjúkrahúsbyggingar sveitarstjórna samkvæmt sjúkrahúsalögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 64 1. desember 1944, um heilsuverndarstöðvar, og enn fremur 76. og 77. gr. l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, að því er tekur til heilsuverndarstöðva.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um iðnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðupekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI

Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
 2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem rikissjóður greiðir ekki.
 3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.
- Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skytt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

45

Menntamálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða. 16. maí

6. gr.

Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.

Iðnskóla, sem fleiri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 5 manna skólanefnd. Þar sem kaupstaður stendur einn að slíkum skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 4 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef fleiri en einn kaupstaður, sýsla eða hreppur stendur að skólanum, skal svo fljótt sem því verður við komið kjósa skólanefndina á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að minnsta kosti helmingur þeirra, er kjósa skal í skólanefnd, skulu vera iðnaðarmenn.

Iðnskólum, sem færri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 3 manna skólanefnd; skulu 2 þeirra kosnir á sama hátt og að framan greinir.

Ráðherra skipar formenn skólanefndanna til sama tíma.

III. KAFLI

Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur. Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld, að fengnum tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

45

16. maí

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

10. gr.

IV. KAFLI

Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu í hvers konar iðnaðarstarfsemi, jafnskjótt og tók eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistaraþróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþólsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI

Kennarar.

14. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvornig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvornig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trúfli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45

16. maí

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, tölu fastra kennara, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verk svið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

46

16. maí

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. júlí 1955 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á þann hluta grunnlauna, sem umfram er kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Nú nær hækkun heildarlauna vegna ákvæða þessara laga ekki 5 af hundraði, miðað við það, sem þau hefðu verið eftir ákvæðum þeim um greiðslu verðlagsuppbótar, er voru í gildi fyrir 1. júlí 1955, og skal hlutaðeigandi starfsmanni þá greidd launauppbót til bráðabirgða, þannig að hækkun heildarlauna hans verði 5 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

47

18. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Að fengnum meðmælum safnaðarstjórnar er heimilt að veita lán úr Kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, hafi viðkomandi söfnuður neitað að taka við kirkjunni sem safnaðarkirkju með sanngjörnum kjörum að dómi prófasts, enda sé kirkjan notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar svo sem safnaðareign væri og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi sjóðsstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

48

16. maí

L Ö G

um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

49

16. maí

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann
Vilborgu Herjólfsdóttur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur og selja hann félagi, er stofnað verður um útgerð togarans sameiginlega af Húsavíkurkaupstað, Ólafstjarðarkaupstað og Sauðárkrókskaupstað. Er ríkisstjórninni heimilt í þessu skyni að lána allt að kr. 450 000.00 og að ábyrgjast lán allt að kr. 2 750 000.00 gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

50

16. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa
fyrir Neskaupstað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgð má veita fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 9 milljónum króna.

Ef bæjarsjóður verður eigi kaupandi, heldur sérstakt félag, er áskilið, að bæjarsjóður sé í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir skuldbindingum þeim, er ríkissjóður tekst á hendur félagið.

Auk þess, sem að framan greinir, er ábyrgðin háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

51

16. maí

L Ö G

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 35 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1954 sem hér segir:

1. Til Ræktunarsjóðs	8	millj. kr.
2. Til Fiskveiðisjóðs	8	— —
3. Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	4	— —
4. Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3	— —
5. Til greiðslu uppbóta á sparifé	1.5	— —
6. Til Brúasjóðs til endurbygginga gamalla stórbrúa	1.5	— —
7. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðar eða eru í byggingu	2	— —
8. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	1	— —
9. Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga	6	— —

Vextir af lánnum samkv. 3. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

52

20. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

11. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrir mælum eða úrskurði Öryggismálastjóra, lúti andi að þessu, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar Öryggisráðs.

52

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Öryggiseftirlitinu um, að Öryggisútbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrir mæli eða úrskurði Öryggismálastjóra og Öryggisráðs, ef því er að skipta, samkvæmt þessari grein.

Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði, fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrir mæli Öryggismálastjóra eða Öryggisráðs, þar sem það á við.

2. gr.

Á eftir orðinu „öryggismálastjóra“ í 1. másl. 12. gr. laganna bætist: og Öryggisráðs.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist: í samráði við Öryggisráð.

4. gr.

Aftan við 1. másl. 1. málgr. 35. gr. laganna bætist: og Öryggisráðs.

5. gr.

1. málgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við Öryggisráð, útdrátt úr lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó í samráði við Öryggismálastjóra veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

6. gr.

Fyrir orðið „öryggismálastjóra“ í síðari másl. 41. gr. laganna kemur: Öryggisráð.

7. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar (verða 45. og 46. gr.) í nýjum kafla (verður VII. kafli), með fyrirsögninni: Öryggisráð:

- a. (45. gr.) Ráðherra skipar fimm manna Öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann þess, er skal vera læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Alþýðusambands Íslands.
2. Félags íslenzkra iðnrekenda.
3. Vinnuveitendasambands Íslands.
4. Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur Öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf Öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

- b. (46. gr.) Ráðherra og Öryggismálastjóri geta krafizt af Öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta Öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná

52
20. maí

til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

8. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. málsgr. 45. gr. laganna bætast orðin: og öryggisráð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

53
20. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu og sameina hana jörðinni Hóli (Dísastaðahóli) í sama hreppi. Kaupverðið skal miða við væntanlegt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

54
11. maí

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 74. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 11. maí 1955.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

55

20. maí

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu
heilsuspillandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga.

1. gr.

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu. Í húsnæðismálastjórn skulu vera 5 menn, sem ríkisstjórnin skipar til 6 ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Enn fremur skipar hún 5 varamenn á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því meðal annars:

1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbýggjendur, í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsaagerð og vinnutækni við húsbýggingar.
2. Að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa viðs vegar á landinu, í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum.
3. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.
4. Að beita sér fyrir útvegum hagkvæmra íbúðateikninga.
5. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkt, þar sem þess þykir þörf.

Við lausn þessara mála skal húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhluta. Er framangreindum aðilum skylt að veita húsnæðismálastjórn hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

3. gr.

Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar (sbr. 6. gr.).

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. króna. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn,

55 B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. króna, verði með vísitölukjörum, þannig að binda 20. maí má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf fyrir en veðdeild Landsbankans hefur selt slík verðbréf fyrir 40 millj. króna, enda komi til sérstök lagaheimild.

Ákvæði III. kafla laga 46/1954 og 1. gr. laga 48/1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Veðdeildin hefur heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, eftir tillögum húsnæðismálastjórnar, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga 55/1945.

4. gr.

Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis rennur:

- a. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.
 - b. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
 - c. Lántökugjald af lánnum veðdeildarinnar samkvæmt lögum þessum.
 - d. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.
- Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis kemur:

- a. Fé það, sem veðdeild Landsbanka Íslands aflar með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum þessum.
- b. Lán, sem sparisjóðir, bankar og aðrir veita beint til lántakenda, samkvæmt almennum útlánareglum laga þessara.
- c. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánnum hennar.
- d. Fé varasjóðs, samkvæmt 4. gr.
- e. Erend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðabygginga.

6. gr.

Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkv. 3. gr. eru þessar:

- a. Lánin veitast aðeins til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Þó skal heimilt að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.
Heimilt er, að lánin komi til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt, að byggingu lokinni, á hlutaðeigandi íbúðir.
- b. Lánaupphæð nemi samtals allt að 2/3 hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki meiru en 100 þús. krónum út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig.
- c. Lán til hverrar íbúðar skal að jafnaði vera í tvennu lagi, A-lán og B-lán. Venjulega skal A-lán eigi lægra vera en 50 þús. krónur og B-lán eigi lægra en 20 þús.

krónur. Allir, sem fengið hafa A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán, sbr. þó 55 b-lið. Lántökugjald skal vera 1%.

maí 20.

- d. A-lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti, en B-lánin með fyrsta samhliða veðrétti eða öðrum veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
- e. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, og skulu jafngreiðslurnar inntar af hendi mánaðarlega, nema öðruvísi sé ákveðið. Þegar A-lán er veitt af andvirði seldra bankavaxtabréfa, mega vextir vera $\frac{1}{4}\%$ hærri en vextir bankavaxtabréfanna fyrir kostnaði veðdeildarinnar. A-lán skulu færð sérstaklega í reikning lánsstofnana, og skulu þær gefa veðdeildinni árlega skýrslu um þau.
- f. B-lánin skulu vera með hliðstæðum kjörum og vísitölubundin verðbréf, sem út verða gefin. Vextir mega vera $\frac{1}{4}\%$ hærri en vextir hinna vísitölubundnu bankavaxtabréfa fyrir kostnaði veðdeildarinnar.
- g. Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu álitni húsnæðismálastjórnar og samþykki ríkisstjórnar.

7. gr.

Heimilt er að lána Byggingarsjóði og Byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum veita skuli A-lánin úr veðdeildinni.

Þó skulu sparissjóðir þeir eða lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf deildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarendi lán, og skal setja nánari fyrir-mæli um það í reglugerð.

9. gr.

1. Húsnæðismálastjórn getur látið fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.
2. Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á fót sammingsbundnum sparnaði til íbúðabygginga eða kaupa á íbúðum. Skal heimilt að láta þá, sem taka þátt í slíkum sparnaðarsamningum, sitja fyrir um íbúðarlán.

II. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

10. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

11. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

12. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu njóta lána samkvæmt I. kafla þessara laga.

55

20. maí

13. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsu-spillandi íbúðum, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt, fyrr en því ákvæði er fullnægt. Húsnæðis-málastjórn ráðstafar framlögum ríkissjóðs í þessu skyni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari skýrgreiningu á því, hvað telja skuli íbúð og meiri háttar viðbyggingar, sbr. 6. gr., a-lið.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn III. kafli laga nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

56

21. maí

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Noregs.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. maí 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

BRÁÐABIRGÐALÖG

57

23. júlí

um að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. október 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann hafi ákvæðið að bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað skuli, samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 11. maí 1955, fram fara 2. október 1955. Nú sé því svo varið, að 11. grein laga nr. 81 23. júní 1936 um sveitarstjórnarkosningar, geri ráð fyrir því, að kjörskrár skulu samdar í febrúarmánuði ár hvert, og skuli í kaupstöðum og hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar til 24. janúar næsta ár þar á eftir. Samkvæmt manntali, gerðu í Kópavogshreppi 1953, hafi þá samtals verið 2723 íbúar í Kópavogshreppi, og um 1350 manns á kjörskrá þeirri, sem hreppsnefnd hafi samið í febrúar 1954. Árið 1954 hafi alls verið 3230 á manntali í Kópavogshreppi og þar af 1608 á kjörskrá þeirri, sem samin hafi verið af hreppsnefnd Kópavogshrepps í febrúarmánuði 1955, en eigi hafi enn legið frammi. Af hinum tilgreindu tölum sé ljóst, að atkvæðisbærum íbúum í Kópavogshreppi hafi á árinu 1954 fjölgað um hartnær 20 af hundraði, þannig, að ekki þyki með tilliti til þess stætt á því að leggja hér kjörskrá samda í febrúar 1954 eftir manntali 1953, til grundvallar fyrirhuguðum bæjarstjórnarkosningum 1955, enda þótt ákvæði 11. greinar sveitarstjórnarkosningarlaga mæli svo fyrir, heldur beri að láta kjörskrá þá, sem semja skyldi í febrúar 1955, gilda við nefndar bæjarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að með bráðabirgðalögum verði sett sérstök ákvæði um þetta efni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Kjörskrá sú, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps samdi í febrúar 1955, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 81/1936, skal gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram eiga að fara 2. október 1955.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. júlí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

58

16. maí

AUGLÝSING

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn
um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 16. marz 1955 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent tilkynning um, að Ísland hafi fullgilt viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands, en samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í París hinn 23. október 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. maí 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Norður-Atlantshafssamninginn um
aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington hinn 4. apríl 1949,

hafa fullvissað sig um, að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það, að Sambandslýðveldið Þýskaland gerist aðili að samningnum;

þeir skírskota til þess, að Sambandslýðveldið Þýskaland hafi, með yfirlýsingu 3. október 1954, gengið undir skuldbindingu 2. greinar stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og muni með aðild sinni að Norður-Atlantshafssamningnum skuldbinda sig til að forðast sérhvert athæfi, sem ósamrýmanlegt sé varnaranda samningsins;

enn fremur skírskota aðilar samningsins til þess, að ríkisstjórnir þær, sem aðilar eru að samningnum, eru sammála yfirlýsingu ríkisstjórna Bandaríkjna Ameríku, Sameinaða kónungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og franska lýðveldisins, einnig frá 3. október 1954, í sambandi við áður nefnda yfirlýsingu Sambandslýðveldisins Þýskalands

PROTOCOL

to the North Atlantic Treaty on the
Accession of the Federal Republic of
Germany.

The Parties to the North Atlantic Treaty signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Federal Republic of Germany to that Treaty, and

Having noted that the Federal Republic of Germany have, by a declaration dated October 3, 1954, accepted the obligations set forth in Article 2 of the Charter of the United Nations and has undertaken upon accession to the North Atlantic Treaty to refrain from any action inconsistent with the strictly defensive character of that Treaty, and

Having further noted that all member governments have associated themselves with the declaration also made on October 3, 1954, by the Governments of the United States of America, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the French Republic in connexion with the aforesaid declaration of the Federal Republic of Germany,

og hafa því orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna Ameríku skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Sambandslýðveldið Þýskaland verður síðan aðili samningsins þann dag, er það afhendir ríkisstjórn Bandaríkjanna Ameríku staðfestingarskjal sitt samkvæmt 10. gr. samningsins.

2. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi: (a) er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna Ameríku um samþykki sitt á honum; (b) er öll fullgildingarskjöl að viðbótarsamningnum um breytingar og fyllri túlkun á Brüsselsamningnum hafa verið afhent ríkisstjórn Belgíu; (c) er öll fullgildingar- eða staðfestingarskjöl samningsins um dvöl erlends herliðs í Sambandslýðveldinu Þýskalandi hafa verið afhent ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands. Ríkisstjórn Bandaríkjanna Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök aðildartilkygning að viðbótarsamningi þessum, og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

3. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig, að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkjanna Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda öllum ríkisstjórnnum aðildarríkjanna Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með fullu umboði ríkisstjórna sinna undirritað viðbótarsamning þennan.

Agree as follows:—

58

16. maí

Article I

Upon the entry into force of the present Protocol, the Government of the United States of America shall on behalf of all the Parties communicate to the Government of the Federal Republic of Germany an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. Thereafter the Federal Republic of Germany shall become a Party to that Treaty on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America in accordance with Article 10 of the Treaty.

Article II

The present Protocol shall enter into force, when (a) each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified to the Government of the United States of America its acceptance thereof, (b) all instruments of ratification of the Protocol modifying and completing the Brussels Treaty have been deposited with the Belgian Government and (c) all instruments of ratification or approval of the Convention on the Presence of Foreign Forces in the Federal Republic of Germany have been deposited with the Government of the Federal Republic of Germany. The Government of the United States of America shall inform the other Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each notification of acceptance of the present Protocol and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of the other Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned Representatives, duly authorised thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

- 58 Gjört í París, hinn tuttugasta og þriðja Signed at Paris the twenty-third day of
16. maí dag októbermánaðar nitján hundruð October nineteen hundred and fifty-four.
fimmtíu og fjögur.

59
4. júní

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 3. júní 1955 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu á samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar. Er samkomulagið framlengt til 31. marz 1956.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, kryddsild og sykursöltuð sild og aðrar vörur á sama hátt og áður hefur tíðkæzt.

Útflutningur á vörum frá Svíþjóð verður með tilliti til hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. júní 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

60
11. júní

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við embættisstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til Noregs og hefur á ný tekið við embættisstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 11. júní 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

61
15. júlí

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Tyrklands um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 28. júní 1955, hafa sendiherrar Íslands og Tyrklands í París gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja til hins, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 1. júlí 1955.

Utanríkisráðuneytið, 15. júlí 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

62

15. júní

um samkomulag milli Íslands og Grikklands um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 14. maí 1955, hafa sendiherrar Íslands og Grikklands í París gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja í hinu, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en tveggja mánaða að ræða.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 1. júlí 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. júní 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG

63

25. ágúst

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta, til þess að bæta úr örðugleikum á framkvæmd tilkynningarákvæða. Skrár þær, miðaðar við 1. desember ár hvert, sem allsherjarspjaldskráin lætur sveitarstjórnnum í té, eru grundvöllur álagningar allra opinberra gjalda í landinu, og auk þess eru kjörskrár og ýmsar aðrar skrár á þeim byggðar. Skiptir því meginmáli, að þær séu sem fyllstar og réttastar, en til þess að svo megi verða um skrárnar 1. desember 1955, þarf að lögfesta nefndar breytingar nú þegar, þar sem tíma þarf til að láta gera eyðublöð til samræmis og dreifa þeim um landið, áður en haustflutningar hefjast.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að umræddar breytingar verði ákveðnar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.

2. 1. málsliður 3. töluliðs 3. málsg. orðist svo:

Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.

3. Á eftir 4. tölulið 3. málsg. komi nýr töluliður, þannig:

5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, sem láta í té starfsliðsskrár reglulega. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við

varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa töluliðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeigandi í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsg. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsg. orðist svo:

Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

2. Aftan við 3. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir tilkynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst

í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilis-
sveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar
upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. málsg.
þessarar greinar.

Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnunum samkvæmt 2. og 3. málsg.
þessarar greinar eru fullgild heimild til staðsetningar manna í allsherjarspjal-
skránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkvæmt tilkynningum hlutað-
eigenda sjálfra er ekki fyrir hendi.

Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsg. þessarar gr. skal hagað í samræmi
við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.

6. gr.

2. og 3. málsliður 1. málsg. 17. gr. falli niður og í þess stað komi:

Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra
falli niður, sbr. 2. málsg. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir
til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa
Íslands kærir, rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. ágúst 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

64

2. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 26. gr. laga nr. 32 14. maí 1955 um breyting á
lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum
nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál
hinna fyrstnefndu laga svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því
leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð
starfsmanna ríkisins, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi,
sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóð-
inn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.

- 64 2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri
2. sept. tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
 2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.
- Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

64

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

2. sept.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	12.5 %
11 —	14.0 —
12 —	15.5 —
13 —	17.0 —
14 —	18.5 —
15 —	20.0 —
16 —	22.0 —
17 —	24.0 —
18 —	26.0 —
19 —	28.0 —
20 —	30.5 —
21 —	33.0 —
22 —	35.5 —
23 —	38.0 —
24 —	41.0 —
25 —	44.0 —
26 —	47.0 —
27 —	50.0 —
28 —	53.0 —
29 —	56.5 —
30 — eða lengur	60.0 —

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

64

2. sept.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförunu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar gr. lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna,

og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris 64
úr sjóðnum eða eigi.

2. sept.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkv. 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð

64 niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu 2. sept. áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Tryggingasjóður almannatrygginga endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

18. gr.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $\frac{1}{2}$ árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

64

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 2. sept. 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

Gjört í Reykjavík, 2. september 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

65

2. sept.

um lífeyrissjóð hjúkrunkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 17. gr. laga nr. 34 14. maí 1955 um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunkvenna, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunkvenna, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunkvenna.

2. gr.

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hlúti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin skal vinna kauplaust.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsbygginga fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvisun sjóðstjórn-

- 65 arinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli 2. sept. hennar og sjóðstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaðir á sama hátt og þeir.

7. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

8. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku. Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði. ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra friðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

9. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir		10 til 11 ára starf		veitist 15 % af meðallaunum síðustu 10 starfsára.	
—	11 — 12	—	—	18	— — — —
—	12 — 13	—	—	21	— — — —
—	13 — 14	—	—	24	— — — —
—	14 — 15	—	—	27	— — — —
—	15 — 16	—	—	30	— — — —
—	16 — 17	—	—	33	— — — —
—	17 — 18	—	—	36	— — — —
—	18 — 19	—	—	39	— — — —
—	19 — 20	—	—	42	— — — —
—	20 — 21	—	—	45	— — — —
—	21 — 22	—	—	48	— — — —
—	22 — 23	—	—	51	— — — —
—	23 — 24	—	—	54	— — — —
—	24 — 25	—	—	57	— — — —
—	25 ára starf og lengra veitist 60 % af			—	— — — —

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launinum, eða verða að hætta störfum sök-

um varanlegar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarksellilífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 7. og 9. gr. um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum slíkum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 9. gr.

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförunu.

11. gr.

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

13. gr.

Starfstími hjúkrunarkvonna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 16. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttind-

65 um fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei 2. sept. endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

15. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaununum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

16. gr.

Hjúkrunarkonur, sem láta af störfum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fé endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

17. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með ½ árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Gjört í Reykjavík, 2. september 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

66

2. sept.

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 22. gr. laga nr. 35 14. maí 1955 um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum, svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem rikisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skulda-bréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrir mæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera til-

66 lögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld 2. sept. meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkv. 7. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkv. ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	12.5 %
11 —	14.0 —
12 —	15.5 —
13 —	17.0 —
14 —	18.5 —
15 —	20.0 —
16 —	22.0 —
17 —	24.0 —
18 —	26.0 —
19 —	28.0 —
20 —	30.5 —
21 —	33.0 —
22 —	35.5 —
23 —	38.0 —
24 —	41.0 —
25 —	44.0 —
26 —	47.0 —
27 —	50.0 —
28 —	53.0 —
29 —	56.5 —
30 — eða lengur	60.0 —

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

66

2. sept.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trygginga- yfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfa í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 10. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skyllt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundradshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar greinar lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

66 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á 2. sept. þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem herra er launað, ef það meðaltal var herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundradshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar greinar, sem örorka sjóðfélagens er metin.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almennatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans, samkvæmt 10. og 12. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 13. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum **66** og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð **2. sept.** niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

15. gr.

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gilda þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

16. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $\frac{1}{2}$ árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Gjört í Reykjavík, 2. september 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

67

15. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að 6. málslíður IV. liðs úrskurðarins skuli hljóða þannig: Iðnskólar iðnaðarnám, iðnaðarmál, þar undir iðnfélög.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 15. ágúst 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

68

10. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. október 1955.

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

69

5. okt.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Svíþjóðar um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Hinn 17. september 1955 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Svíþjóðar um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs. Samningurinn var gerður á íslenzku og sænsku og fylgir hann hér með.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. október 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands og Svíþjóðar um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Svíþjóðar hafa ákveðið að gera með sér sérstakan samning um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs til fyllingar á samkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar frá 8. september 1937 til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum og hafa í því skyni útnefnt sem fulltrúa sína:

Ríkisstjórn Íslands:

Utánríkisráðherra Kristinn Guðmundsson;

Ríkisstjórn Svíþjóðar:

Sendiherra sinn í Reykjavík S. H:son von Euler-Chelpin,

sem eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Ríkisstjórn Svíþjóðar skuldbindur sig til að veita undanþágu frá tekjuskatti og hverjum öðrum skatti, sem lagður er á tekjur í Svíþjóð af skipaútgerð og flugrekstri einstaklinga, er búsettir eru á Íslandi og félagar, eigi stjórn þeirra aðsetur á Íslandi.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands skuldbindur sig til að veita undanþágu frá tekjuskatti og hverjum öðrum skatti, sem lagður er á tekjur á Íslandi af skipaútgerð og flugrekstri einstaklinga, er búsettir eru í Svíþjóð og félagar, eigi stjórn þeirra aðsetur í Svíþjóð.

3. gr.

Hugtakið „skipaútgerð“ táknar þann rekstur, sem eigendur skipa og farmflytjendur hafa með höndum.

Hugtakið „flugrekstur“ táknar þann rekstur, sem eigendur flugvéla eða farmflytjendur með flugvélum hafa með höndum.

AVTAL

mellan Ísland och Sverige om fritagande från beskattning av inkomster härrörande från sjö- och luftfartstrafik.

Isländska regeringen och svenska regeringen hava beslutat att komplettera det mellan Ísland och Sverige den 8 september 1937 ingångna avtalet för undvikande av dubbelbeskattning beträffande inkomst och förmögenhet med ett särskilt avtal rörande beskattning av inkomst av sjöfart och luftfart och hava i detta syfte till sina befullmäktigade ombud utsett:

Isländske regeringen:

Utrikesminister Kristinn Guðmundsson;

Svenska regeringen:

Sändebudet i Reykjavík, envoyén S. H:son von Euler-Chelpin,

vilka, efter att hava granskat varandras fullmakter och funnit dem i god och behörig form, överenskommit om följande bestämmelser:

Artikel 1.

Svenska regeringen förbinder sig att från inkomstskatt och från all annan skatt å inkomst, som påföres i Sverige, fritaga all inkomst, förvärvad genom utövande av sjöfart eller luftfart av en fysisk person, bosatt på Ísland, eller av en juridisk person, vars ledning har sitt säta på Ísland.

Artikel 2.

Isländska regeringen förbinder sig att från inkomstskatt och från all annan skatt å inkomst, som påföres på Ísland, fritaga all inkomst, förvärvad genom utövande av sjöfart eller luftfart av en fysisk person, bosatt i Sverige, eller av en juridisk person, vars ledning har sitt säte i Sverige.

Artikel 3.

Med uttrycket „sjöfart“ förstås den rörelse, som bedrivs av ägare eller befraktare av fartyg.

Med uttrycket „luftfart“ förstås den rörelse, som bedrivs av ägare eller befraktare av luftfartyg.

69

5. okt. Með ágóða af skipaútgerð og flugrekstri er átt við ágóða af flutningi á farþegum eða vörum, jafnvel þótt ágóðinn sé af sölu á farseðlum eða af farmsamningum gerðum í landi, þar sem fyrirtækið er sér um flutninginn á ekki heimilisfang.

5. gr.

Samningur þessi gengur í gildi daginn, sem hann er undirskrifaður.

Hvor aðili um sig getur hvenær sem er skriflega sagt upp samningnum og fellur hann þá úr gildi frá og með 1. janúar á því ári, sem hefst eftir að 6 mánaða uppsagnarfrestur er liðinn.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gjört í Reykjavík, hinn 17. september 1955, í tveimur eintökum á íslenzku og sænsku og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Kristinn Guðmundsson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:

S. H:son von Euler-Chelpin.

Artikel 4.

Med inkomst av sjöfart eller luftfart förstås inkomst, förvärvad genom transport av personer eller gods; härunder inbegripes även inkomst, härrörande från försäljning av biljetter eller ingående av fragtavtal i det land, varest det företag, som ombesörjer transporten, icke är hemmahörande.

Artikel 5.

Detta avtal träder i kraft i och med dagen för dess undertecknande.

Avtalet må när som helst skriftligen uppsägas av envar av de avtalsslutande staterna och upphör i så fall att gälla från och med den 1 januari i det kalenderår, som infaller efter utgången av en uppsägningstid av sex månader.

Till bekräftelse härå hava de befullmäktigade ombuden undertecknat detta avtal och försett detsamma med sina sigill.

Som skedde i Reykjavík, i två exemplar på isländska och svenska språken, vilka båda texter äga lika vitsord, den 17 september 1955.

Å isländska regeringens vägnar:

Kristinn Guðmundsson.

Å svenska regeringens vägnar:

S. H:son von Euler-Chelpin.

70

5. okt.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Noregs um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Hinn 17. september 1955 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Noregs um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs. Samningurinn var gerður á íslenzku og norsku og fylgir hann hér með.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. október 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

70

5. okt.

SAMNINGUR

milli Íslands og Noregs um gagnkvæma undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs, sem gera vilja með sér samning um gagnkvæma undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Einstaklingum, sem búsettir eru á Íslandi, og félögum, ef stjórn þeirra á aðsetur þar, skal í Noregi veitt undanþága frá skatti af eignum í þágu skipaútgerðar eða flugreksturs og tekjum, sem stafa af þeim rekstri.

2. Einstaklingum, sem búsettir eru í Noregi, og félögum, ef stjórn þeirra á aðsetur þar, skal á Íslandi veitt undanþága frá skatti af eignum í þágu skipaútgerðar eða flugreksturs og tekjum, sem stafa af þeim rekstri.

3. Hugtakið „skipaútgerð“ táknar þann rekstur, sem eigendur skipa eða farmflytjendur hafa með höndum. — Hugtakið „flugrekstur“ táknar þann rekstur, sem eigendur flugvéla eða farmflytjendur með flugvélum hafa með höndum.

4. Samningur þessi gengur í gildi daginn, sem hann er undirskrifaður. Hvor aðili um sig getur skriflega sagt upp samningnum þannig, að hann falli úr gildi 1. janúar á því ári, sem hefst eftir að 6 mánaða frestur er liðinn frá uppsögn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa gild umboð, undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gjört í Reykjavík, hinn 17. september 1955, í tveimur eintökum á íslensku og norsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Kristinn Guðmundsson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:

Torgeir Andersson-Rysst.

AVTALE

mellom Island og Norge om gjensidig fritakelse for beskatning av skipsfart og luftfart.

Íslands regjering og Norges regjering som ønsker å inngå en avtale om gjensidig fritakelse for beskatning av skipsfart og luftfart er blitt enige om følgende:

1. Fysiske personer som er bosatt på Island og juridiske personer hvis ledelse har sitt sete der, skal være fritatt for å svare skatt i Norge av formue som knytter seg til og inntekt som skriver seg fra skipsfart eller luftfart.

2. Fysiske personer som er bosatt i Norge og juridiske personer hvis ledelse har sitt sete der, skal være fritatt for å svare skatt på Island av formue som knytter seg til og inntekt som skriver seg fra skipsfart eller luftfart.

3. Med uttrykket „skipsfart“ menes den virksomhet som utøves av fartøys eier eller befrakter. — Med uttrykket „luftfart“ menes den virksomhet som utøves av luftfartøys eier eller befrakter.

4. Denne avtale trer i kraft den dag den blir undertegnet. Den kan oppsies skriftlig av hver av de kontraherende parter til opphør den 1. januar hvert år etter 6 måneders forutgående varsel.

Til bekreftelse herav har undertegnede representanter som er behørig bemyndiget dertil, underskrevet denne avtale og forsynt den med sine segl.

Utferdiget i Reykjavík, den 17. september 1955, i 2 eksemplarer i islandsk og norsk tekst, som begge har samme gyldighet.

For Islands regjering:

Kristinn Guðmundsson.

For Norges regjering:

Torgeir Anderssen-Rysst.

71

11. okt.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Danmerkur um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Hinn 10. október 1955 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Danmerkur um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs. Samningurinn var gerður á íslenzku og dönsku og fylgir hann hér með.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 11. október 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands og Danmerkur um gagnkvæma undanþágu frá sköttum og ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Danmerkur, sem gera vilja samning sín á milli um gagnkvæma undanþágu frá sköttum til ríkis og bæja af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs, hafa orðið á sáttar um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Danska ríkisstjórnin veitir íslenzkum aðilum undanþágu frá sköttum til ríkis og bæja af skipaútgerð eða flugrekstri, sem þeir hafa með höndum.

2. gr.

Íslenska ríkisstjórnin veitir dönskum aðilum undanþágu frá sköttum til ríkis og bæja af skipaútgerð og flugrekstri, sem þeir hafa með höndum.

3. gr.

Í öllu, er varðar samning þennan, þýðir:

9. des.
- hverju nafni sem nefnast aðra eða hærri en lagt er á ríkisborgara þeirra við svipaðar aðstæður.
2. Ekkert í undanfarandi tölulið skal koma í veg fyrir það, að beitt sé gagnvart flóttamönnum lögum og reglugerðum um gjöld fyrir útgáfu á opinberum skjölum, þar á meðal nafnskirteinum til handa útlendingum.

30. gr.

Flutningur eigna.

1. Aðildarríki skal í samræmi við lög sín og reglugerðir leyfa flóttamönnum að flytja eignir, sem þeir hafa komið með inn í land þess, til annars lands, þar sem þeim hefur verið veitt leyfi til að taka sér bólfestu að nýju.
2. Samningsríki skal taka til velviljaðrar athugunar umsóknir flóttamanna um leyfi til þess að flytja eignir, sem eru þeim nauðsynlegar, er þeir taka sér bólfestu í öðru ríki, sem hefur leyft þeim landvist, hvar sem þær eignir kunna að vera.

31. gr.

Ólögleg landvist flóttamanna.

1. Aðildarríkin skulu ekki beita refsingum gagnvart flóttamönnum vegna ólöglegrar komu þeirra til landsins eða vistar þar, ef þeir koma beint frá landi, þar sem lífi þeirra eða frelsi var ógnað í merkingu 1. gr., og koma inn í lönd þeirra eða eru þar án heimildar, enda gefi þeir sig tafarlaust fram við stjórnvöldin og beri fram gildar ástæður fyrir hinni ólöglegu komu sinni eða vist þar.
2. Aðildarríkin skulu ekki setja takmarkanir á ferðir slíkra flóttamanna fram yfir það sem nauðsyn krefur, og slíkum takmörkunum skal einungis beitt þar til staða þeirra í landinu er komin á fastan grundvöll, eða þeim hefur verið veitt leyfi til þess að koma til annars lands. Samnings-

or taxes, of any description whatsoever, other or higher than those which are or may be levied on their nationals in similar situations.

2. Nothing in the above paragraph shall prevent the application to refugees of the laws and regulations concerning charges in respect of the issue to aliens of administrative documents including identity papers.

Article 30

Transfer of Assets.

1. A Contracting State shall, in conformity with its laws and regulations, permit refugees to transfer assets which they have brought into its territory, to another country where they have been admitted for the purposes of resettlement.
2. A Contracting State shall give sympathetic consideration to the application of refugees for permission to transfer assets wherever they may be and which are necessary for their resettlement in another country to which they have been admitted.

Article 31

Refugees unlawfully in the Country of Refuge.

1. The Contracting States shall not impose penalties, on account of their illegal entry or presence, on refugees who, coming directly from a territory where their life or freedom was threatened in the sense of article 1, enter or are present in their territory without authorization, provided they present themselves without delay to the authorities and show good cause for their illegal entry or presence.
2. The Contracting States shall not apply to the movements of such refugees restrictions other than those which are necessary and such restrictions shall only be applied until their status in the country is regularized or they obtain admission into another country. The Contracting States shall

rikin skulu veita slíkum flóttamönnum hæfilegan frest og alla nauðsynlega fyrirgreiðslu til þess að afla sér heimildar til þess að koma til annars lands.

32. gr.
Brottvísun.

1. Aðildarríkin skulu ekki vísa úr landi flóttamanni, sem löglega dvelur í löndum þeirra, nema vegna öryggis landsins eða allsherjarreglu.
2. Brottvísun slíks flóttamanns skal einungis framkvæmd eftir úrskurði, sem kveðinn sé upp með lögákveðnum hætti. Þar sem knýjandi ástæður vegna öryggis landsins eru því ekki til fyrirstöðu, skal flóttamanninum leyft að leggja fram sannanir fyrir sakleysi sínu og áfrýja og láta mæta fyrir sig í því skyni fyrir lögbæru stjórnvaldi eða manni eða mönnum, sem sérstaklega eru tilnefndir af lögbæru stjórnvaldi.
3. Aðildarríkin skulu gefa slíkum flóttamanni hæfilegan frest til þess að leita löglegrar landvistar í öðru landi. Aðildarríkin áskilja sér rétt til þess að beita þeim ráðstöfunum innan lands, sem það telur nauðsynlegar, meðan þessi frestur er að liða.

33. gr.
Bann gegn brottvísun eða endursendingu.

1. Ekkert aðildarríki skal vísa flóttamanni brott eða endursenda hann á nokkurn hátt til landamæra ríkis, þar sem lífi hans eða frelsi mundi vera ógnað vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana.
2. Þó getur flóttamaður samt sem áður ekki krafizt þess að njóta góðs af þessu ákvæði, ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi landsins, sem hann dvelur í, eða ef hann er talinn hættulegur þjóðfélaginu vegna þess að hann hefur með endanlegum dómi verið dæmdur sekur um mjög alvarlegan glæp.

allow such refugees a reasonable 74 period and all the necessary facilities 9. des. to obtain admission into another country.

Article 32
Expulsion.

1. The Contracting States shall not expel a refugee lawfully in their territory save on grounds of national security or public order.
2. The expulsion of such a refugee shall be only in pursuance of a decision reached in accordance with due process of law. Except where compelling reasons of national security otherwise require, the refugee shall be allowed to submit evidence to clear himself, and to appeal to and be represented for the purpose before competent authority or a person or persons specially designated by the competent authority.
3. The Contracting States shall allow such a refugee a reasonable period within which to seek legal admission into another country. The Contracting States reserve the right to apply during that period such internal measures as they may deem necessary.

Article 33
Prohibition of Expulsion or Return („Refoulement”).

1. No Contracting State shall expel or return (“refouler”) a refugee in any manner whatsoever to the frontiers of territories where his life or freedom would be threatened on account of his race, religion, nationality, membership of a particular social group or political opinion.
2. The benefit of the present provision may not, however, be claimed by a refugee whom there are reasonable grounds for regarding as a danger to the security of the country in which he is, or who, having been convicted by a final judgement of a particularly serious crime, constitutes a danger to the community of that country.

74

9. des.

34. gr.

Veiting ríkisborgararéttar.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem mögulegt er, greiða fyrir því, að flóttamenn geti samlagast aðstæðunum í landinu og öðlazz þar þegnrrétt. Einkum skulu þau gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að flýta fyrir veitingu ríkisborgararéttar og lækka svo sem frekast er unnt öll gjöld og kostnað, sem henni eru samfara.

VI. KAFLI

Framkvæmda- og bráðabirgðaákvæði.

35. gr.

Samvinna stjórnvalda einstakra ríkja við Sameinuðu þjóðirnar.

1. Samningsríkin skuldbinda sig til þess að hafa samvinnu við Skrifstofu erindreka Sameinuðu þjóðanna í flóttamannamálum, eða hverja þá aðra stofnun Sameinuðu þjóðanna, sem koma kann í hennar stað, um framkvæmd ætlunarverka hennar og skulu þau sér í lagi auðvelda henni að fullnægja skyldu sinni til að hafa eftirlit með heitingu ákvæða þessa samnings.
2. Í því skyni að gera Skrifstofu erindrekans, eða hverri þeirri annarri stofnun Sameinuðu þjóðanna, er koma kann í hennar stað, mögulegt að gefa skýrslur til hlutaðeigandi aðila hjá Sameinuðu þjóðunum, skuldbinda aðildarríkin sig til þess að láta þeim í té í viðeigandi formi upplýsingar og hagskýrslur, sem um er beðið og varða:
 - a. stöðu flóttamanna,
 - b. framkvæmd samnings þessa, og
 - c. lög, reglugerðir og úrskurði, sem í gildi eru eða kunna síðar að ganga í gildi, varðandi flóttamenn.

36. gr.

Upplýsingar um landslög.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna lög þau og reglugerðir, sem þau kunna að

Article 34

Naturalization.

The Contracting States shall as far as possible facilitate the assimilation and naturalization of refugees. They shall in particular make every effort to expedite naturalization proceedings and to reduce as far as possible the charges and costs of such proceedings.

CHAPTER VI

Executory and Transitory Provisions.

Article 35

Co-operation of the National Authorities with the United Nations.

1. The Contracting States undertake to co-operate with the Office of the United Nations High Commissioner for Refugees, or any other agency of the United Nations which may succeed it, in the exercise of its functions, and shall in particular facilitate its duty of supervising the application of the provisions of this Convention.
2. In order to enable the Office of the High Commissioner or any other agency of the United Nations which may succeed it, to make reports to the competent organs of the United Nations, the Contracting States undertake to provide them in the appropriate form with information and statistical data requested concerning:
 - (a) the condition of refugees,
 - (b) the implementation of this Convention, and
 - (c) laws, regulations and decrees which are, or may hereafter be, in force relating to refugees.

Article 36

Information on National Legislation.

The Contracting States shall communicate to the Secretary-General of the United Nations the laws and regulations

setja til þess að tryggja framkvæmd þessa samnings.

which they may adopt to ensure the application of this Convention.

74
9. des.

37. gr.

Afstaða til fyrri samninga.

Að teknu tilliti til 2. málsgreinar 28. greinar þessa samnings kemur hann, að því er snertir samband milli aðila að honum, í stað samkomulags frá 5. júlí 1922, 31. maí 1924, 12. maí 1926, 30. júní 1928 og 30. júlí 1935, samninganna frá 28. október 1933 og 10. febrúar 1938, viðbótarsamnings frá 14. september 1939 og samningsins frá 15. október 1946.

Article 37

Relation to Previous Conventions.

Without prejudice to article 28, paragraph 2, of this Convention, this Convention replaces, as between parties to it, the Arrangements of 5 July 1922, 31 May 1924, 12 May 1926, 30 June 1928 and 30 July 1935, the Conventions of 28 October 1933 and 10 February 1938, the Protocol of 14 September 1939 and the Agreement of 15 October 1946.

VII. KAFLI

Lokaákvæði.

38. gr.

Lausn deilumála.

Sérhverri deilu milli aðila þessa samnings varðandi skýringu eða framkvæmd hans, sem ekki er hægt að leysa á annan hátt, skal vísa til Alþjóðadómstólsins að beiðni hvors deiluaðila sem er.

CHAPTER VII

Final Clauses.

Article 38

Settlement of Disputes.

Any dispute between parties to this Convention relating to its interpretation or application, which cannot be settled by other means, shall be referred to the International Court of Justice at the request of any one of the parties to the dispute.

39. gr.

Undirritun, fullgilding og upptaka aðildar.

1. Samningur þessi skal lagður fram til undirritunar í Genf 28. júlí 1951, og skal honum síðan komið til varðveislu hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Hann skal vera til undirritunar í Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna frá 28. júlí til 31. ágúst 1951, og skal aftur vera til undirritunar í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna frá 17. september 1951 til 31. desember 1952.
2. Samningur þessi skal vera til undirritunar fyrir öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, og einnig fyrir hvert það annað ríki, sem boðin var þátttaka í ráðstefnu sendiherra um stöðu flóttamanna og ríkisfangslausra, eða ríki, sem Allsherjarþingið hefur boðið að undirrita hann. Hann skal fullgiltur og fullgildingarskjölunum

Article 39

Signature, Ratification and Accession.

1. This Convention shall be opened for signature at Geneva on 28 July 1951 and shall thereafter be deposited with the Secretary-General of the United Nations. It shall be open for signature at the European Office of the United Nations from 28 July to 31 August 1951 and shall be re-opened for signature at the Headquarters of the United Nations from 17 September 1951 to 31 December 1952.
2. This Convention shall be open for signature on behalf of all States Members of the United Nations, and also on behalf of any other State invited to attend the Conference of Plenipotentiaries on the Status of Refugees and Stateless Persons or to which an invitation to sign will have been addressed by the General Assembly. It

74 komið til varðveislu hjá fram-
9. des. kvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

3. Frá 28. júlí 1951 skal ríkjum þeim, sem átt er við í 2. tölulið þessarar greinar, heimilt að gerast aðilar að þessum samningi. Upptaka aðildar er framkvæmd þannig, að aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

40. gr.

Ákvæði um beitingu samningsins á sérstökum landsvæðum.

1. Sérhvert ríki getur, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, lýst yfir að þessi samningur skuli taka til allra eða einhverra landsvæða, sem það fer með umboð fyrir í samskiptum þjóða í milli. Slik yfirlýsing gengur í gildi samtímis gildistöku samningsins fyrir hlutaðeigandi ríki.
2. Hvenær sem er síðar, skal hver slik aukning gildissviðs gerð með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og gilda frá níutugasta degi eftir að framkvæmdastjórinn tók við þessari tilkynningu, eða frá gildistöku degi samningsins fyrir hlutaðeigandi ríki, hvort þessa sem síðar ber að.
3. Að því er snertir þau landsvæði, sem samningur þessi er ekki látinn taka til við undirskrift, fullgildinguna eða upptöku aðildar, skal sérhvert hlutaðeigandi ríki athuga möguleikana á því, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta samning þenna taka til slíkra landsvæða, enda komi samþykki ríkisstjórna slíkra landsvæða til, þar sem það er nauðsynlegt af stjórnfarslegum ástæðum.

41. gr.

Ákvæði um sambandsríki.

Þegar um sambandsríki er að ræða, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. This Convention shall be open from 28 July 1951 for accession by the States referred to in paragraph 2 of this article. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 40

Territorial Application Clause.

1. Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that this Convention shall extend to all or any of the territories for the international relations of which it is responsible. Such a declaration shall take effect when the Convention enters into force for the State concerned.
2. At any time thereafter any such extension shall be made by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations and shall take effect as from the ninetieth day after the day of receipt by the Secretary-General of the United Nations of this notification, or as from the date of entry into force of the Convention for the State concerned, whichever is the later.
3. With respect to those territories to which this Convention is not extended at the time of signature, ratification or accession, each State concerned shall consider the possibility of taking the necessary steps in order to extend the application of this Convention to such territories subject, where necessary for constitutional reasons, to the consent of the Governments of such territories.

Article 41

Federal Clause.

In the case of a Federal or non-unitary State, the following provisions shall apply:

- a. Að því er tekur til þeirra greina samnings þessa, sem falla undir lög-sögu löggjafarvalds sambandsríkisins, skulu skyldur ríkisstjórnar sam-bandsríkisins að þessu marki vera hinar sömu og þeirra aðildarríkja, sem ekki eru sambandsríki.
- (a) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of the federal legislative authority, the obligations of the Federal Government shall to this extent be the same as those of Parties which are not Federal States;
- b. Að því er tekur til þeirra greina samnings þessa, sem falla undir lög-sögu einstakra ríkja í sambandsríkinu, fylkja eða kantóna, sem samkvæmt stjórnarskipun sambandsríkisins geta ekki sett lög, skal sambandsríkisstjórnin svo fljótt sem mögulegt er vekja athygli viðeigandi stjórnvalda ríkja, fylkja eða kantóna á slíkum greinum og senda þeim meðmæli sín með þeim.
- (b) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of constituent States, provinces or cantons which are not, under the constitutional system of the federation, bound to take legislative action, the Federal Government shall bring such articles with a favourable recommendation to the notice of the appropriate authorities of states, provinces or cantons at the earliest possible moment.
- c. Sambandsríki, sem er aðili að samningi þessum, skal, eftir beiðni einhvers annars aðildarríkis, sem borin er fram fyrir milligöngu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, láta í té skýrslu um lög og venjur sambandsríkisins og hinna einstöku hluta þess, varðandi hvert einstakt ákvæði samningsins, þar sem sýnt sé í hve ríkum mæli því ákvæði sé veitt gildi með löggjöf eða öðrum hætti.
- (c) A Federal State Party to this Convention shall, at the request of any other Contracting State transmitted through the Secretary-General of the United Nations, supply a statement of the law and practice of the Federation and its constituent units in regard to any particular provision of the Convention showing the extent to which effect has been given to that provision by legislative or other action.

42. gr.
Fyrirvarar.

1. Sérhvert ríki getur, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, gert fyrirvara um greinar samningsins að undanteknum 1., 3., 4., 16. (1), 33. og 36.—46. gr., að báðum meðtöldum.
2. Sérhvert ríki, sem gert hefur fyrirvara í samræmi við ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar, getur hvenær sem er tekið slíkan fyrirvara aftur með tilkynningu þar um, stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

43. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi gengur í gildi á nitugasta degi, talið frá þeim degi, er

Article 42
Reservations.

1. At the time of signature, ratification or accession, any State may make reservations to articles of the Convention other than to articles 1, 3, 4, 16 (1), 33, 36—46 inclusive.
2. Any State making a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may at any time withdraw the reservation by a communication to that effect addressed to the Secretary-General of the United Nations.

Article 43
Entry into force.

1. This Convention shall come into force on the ninetieth day following the

- 74 sjötta fullgildingar- eða aðildarskjal-
9. des. ið er afhent.
2. Að því er tekur til sérhvers ríkis, sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalið var afhent, skal samningurinn ganga í gildi á níutugasta degi frá þeim degi að telja, er slíkt ríki afhenti fullgildingar- eða aðildarskjal sitt.

44. gr.
Uppsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Slík uppsögn skal taka gildi, að því er snertir hlutaðeigandi aðildarríki, einu ári eftir að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tók við henni.
3. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu eða tilkynningu samkvæmt 40. gr., getur hvenær sem er síðar, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, lýst því yfir, að samningurinn skuli hættu að taka til slíks landsvæðis þegar eitt ár er liðið frá því að framkvæmdastjórinn tók við slíkri tilkynningu.

45. gr.
Endurskoðun.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er með tilkynningu, stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, krafist endurskoðunar á samningi þessum.
2. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skal mæla með þeim ráðstöfunum, ef nokkrar eru, sem gera ber eftir slíkri beiðni.

46. gr.
Tilkynningar framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem nefnd eru í 39. gr.:

day of deposit of the sixth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 44
Denunciation.

1. Any Contracting State may denounce this Convention at any time by a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.
2. Such denunciation shall take effect for the Contracting State concerned one year from the date upon which it is received by the Secretary-General of the United Nations.
3. Any State which has made a declaration or notification under article 40 may, at any time thereafter, by a notification to the Secretary-General of the United Nations, declare that the Convention shall cease to extend to such territory one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

Article 45
Revision.

1. Any Contracting State may request revision of this Convention at any time by a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.
2. The General Assembly of the United Nations shall recommend the steps, if any, to be taken in respect of such request.

Article 46
Notifications by the Secretary-General of the United Nations.

The Secretary-General of the United Nations shall inform all Members of the United Nations and non-member States referred to in article 39:

- | | |
|--|--|
| a. yfirlýsingar og tilkynningar í samræmi við B-lið 1. greinar; | (a) Of declarations and notifications in accordance with section B of article 9. des. 1; |
| b. undirskriftir, fullgildingar og upp-töku aðildar í samræmi við 39. gr.; | (b) Of signatures, ratifications and accessions in accordance with article 39; |
| c. yfirlýsingar og tilkynningar í samræmi við 40. gr.; | (c) Of declarations and notifications in accordance with article 40; |
| d. fyrirvara og afturkallanir í samræmi við 42. gr.; | (d) Of reservations and withdrawals in accordance with article 42; |
| e. gildistökudag samnings þessa í samræmi við 43. gr.; | (e) Of the date on which this Convention will come into force in accordance with article 43; |
| f. uppsagnir og tilkynningar í samræmi við 44. gr.; | (f) Of denunciations and notifications in accordance with article 44; |
| g. beiðnir um endurskoðun í samræmi við 45. gr. | (g) Of requests for revision in accordance with article 45. |

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað þenna samning, hver fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar.

In faith whereof the undersigned, duly authorized, have signed this Convention on behalf of their respective Governments.

Gert í Genf í dag, tuttugasta og áttonda dag júlímánaðar nítján hundruð fimmtíu og eitt, í einu eintaki, en hinn enski og franski texti þess skulu jafngildir, og skal það varðveitt í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og staðfest afrit þess skulu afhent öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem nefnd eru í 39. gr.

Done at Geneva, this twenty-eighth day of July, one thousand nine hundred and fifty-one, in a single copy, of which the English and French texts are equally authentic and which shall remain deposited in the archives of the United Nations, and certified true copies of which shall be delivered to all Members of the United Nations and to the non-member States referred to in article 39.

Fylgiskjal.

1. gr.
1. Ferðaskirteini það, sem um ræðir í 28. gr. þessa samnings, skal vera áþekkt fyrirmynd þeirri, sem fylgir hér með.
 2. Skirteinið skal gefið út á að minnsta kosti tveim tungumálum og sé annað þeirra enska eða franska.

2. gr.

Að teknu tilliti til reglugerða útgáfulandsins, má telja börn með í ferðaskirteini foreldris eða, í undantekningartilfellum, í ferðaskirteini annars fullorðins flóttamanns.

Schedule.

Paragraph 1

1. The travel document referred to in article 28 of this Convention shall be similar to the specimen annexed hereto.
2. The document shall be made out in at least two languages, one of which shall be English or French.

Paragraph 2

Subject to the regulations obtaining in the country of issue, children may be included in the travel document of a parent or, in exceptional circumstances, of another adult refugee.

74

9. des. Gjald það, sem tekið er fyrir útgáfu skirteinis, skal ekki vera hærra en lægsta gjald fyrir vegabréf ríkisborgara landsins.

4. gr.

Þegar ekki er um sérstakar ástæður eða undantekningar-tilfelli að ræða, skal skirteinið látið gilda fyrir eins mörg lönd og mögulegt er.

5. gr.

Skirteinið skal gilda í annaðhvort eitt eða tvö ár, eftir vild þess stjórnvalds, sem gefur það út.

6. gr.

1. Endurnýjun eða framlenging á gildi skirteinisins heyrir undir stjórnvaldið, sem gaf það út, á meðan eigandi þess hefur ekki tekið sér löglegt aðsetur í öðru landi og dvelur löglega í landi nefnds stjórnvalds. Útgáfa nýs skirteinis heyrir með sömu skilyrðum undir stjórnvaldið, sem gaf fyrra skirteinið út.

2. Sendiherrum og ræðismönnum, sem til þess hafa sérstaka heimild, skal gefið fullt umboð til þess að framlengja gildi ferðaskirteina, sem ríkisstjórnir þeirra hafa gefið út, þó ekki til lengri tíma en sex mánaða.

3. Aðildarríkin skulu taka til velviljaðrar athugunar að endurnýja eða framlengja gildi ferðaskirteina eða að gefa út ný skirteini til handa flóttamönnum, sem ekki hafa lengur löglegt aðsetur í löndum þeirra og geta ekki fengið ferðaskirteini frá landi, þar sem þeir hafa löglegt aðsetur.

7. gr.

Aðildarríkin skulu viðurkenna gildi skirteina, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 28. gr. þessa samnings.

8. gr.

Þar til bær stjórnvöld í landi því, sem flóttamaðurinn æskir að fara til, skulu árita skirteini hans, ef þau eru

Paragraph 3

The fees charged for issue of the document shall not exceed the lowest scale of charges for national passports.

Paragraph 4

Save in special or exceptional cases, the document shall be made valid for the largest possible number of countries.

Paragraph 5

The document shall have a validity of either one or two years, at the discretion of the issuing authority.

Paragraph 6

1. The renewal or extension of the validity of the document is a matter for the authority which issued it, so long as the holder has not established lawful residence in another territory and resides lawfully in the territory of the said authority. The issue of a new document is, under the same conditions, a matter for the authority which issued the former document.

2. Diplomatic or consular authorities, specially authorized for the purpose, shall be empowered to extend, for a period not exceeding six months, the validity of travel documents issued by their Governments.

3. The Contracting States shall give sympathetic consideration to renewing or extending the validity of travel documents or issuing new documents to refugees no longer lawfully resident in their territory who are unable to obtain a travel document from the country of their lawful residence.

Paragraph 7

The Contracting States shall recognize the validity of the documents issued in accordance with the provisions of article 28 of this Convention.

Paragraph 8

The competent authorities of the country to which the refugee desires to proceed shall, if they are prepared to

reiðubúin að taka við honum og vegabréfsáritun er nauðsynleg.

9. gr.

1. Aðildarríkin undirgangast að veita flóttamönnum vegabréfsáritun til ferðar yfir lönd þeirra, ef þeir hafa fengið vegabréfsáritun til ákvörðunarlandsins.
2. Synja má um slíkar vegabréfsáritanir af þeim ástæðum, sem myndu réttlæta synjun um vegabréfsáritun fyrir hvaða útlending sem væri.

10. gr.

Gjöld fyrir vegabréfsáritanir, er heimila för úr landi, komu til lands eða för yfir land, skulu eigi vera hærri en lægstu gjöld fyrir áritanir á erlend vegabréf.

11. gr.

Pegar flóttamaður hefur löglega tekið sér aðsetur í landi annars aðildarríkis, skal útgáfa nýs skirteinis samkvæmt skilmálum og skilyrðum 28. gr. hvíla á þar til bæru stjórnvaldi þess lands og er flóttamanni rétt að snúa sér til þess.

12. gr.

Stjórnvald, sem gefur út nýtt skirteini, skal taka aftur eldra skirteinið og endursenda það til útgáfulandsins, ef það er tekið fram í skirteininu að það skuli þannig endursent, ella skal það taka skirteinið og ógilda það.

13. gr.

1. Sérhvert aðildarríki undirgengst, að eigandi ferðaskirteinis, er það hefur gefið út í samræmi við 28. gr. þessa samnings, megi koma inn í land þess hvenær sem er meðan það er í gildi.
2. Að teknu tilliti til ákvæða undanfarandi töluliðs, getur aðildarríki krafizt þess að skirteinishafinn fullnægi þeim formsskilyrðum, sem tiltekin kunna að vera að því er snertir för úr landi þess eða endurkomu þangað.

admit him and if a visa is required, affix a visa on the document of which he is the holder. 74 9. des.

Paragraph 9

1. The Contracting States undertake to issue transit visas to refugees who have obtained visas for a territory of final destination.
2. The issue of such visas may be refused on grounds which would justify refusal of a visa to any alien.

Paragraph 10

The fees for the issue of exit, entry or transit visas shall not exceed the lowest scale of charges for visas on foreign passports.

Paragraph 11

When a refugee has lawfully taken up residence in the territory of another Contracting State, the responsibility for the issue of a new document, under the terms and conditions of article 28, shall be that of the competent authority of that territory, to which the refugee shall be entitled to apply.

Paragraph 12

The authority issuing a new document shall withdraw the old document and shall return it to the country of issue if it is stated in the document that it should be so returned; otherwise it shall withdraw and cancel the document.

Paragraph 13

1. Each Contracting State undertakes that the holder of a travel document issued by it in accordance with article 28 of this Convention shall be readmitted to its territory at any time during the period of its validity.
2. Subject to the provisions of the preceding sub-paragraph, a Contracting State may require the holder of the document to comply with such formalities as may be prescribed in regard to exit from or return to its territory.

74 3. Í undantekingartilfellum eða þegar
9. des. flóttamanni er leyfð dvöl í ákveðinn
tíma þegar skirteinið er gefið út. á-
skilja sammingsrikin sér rétt til þess
að takmarka tímamann, sem flótta-
manninum er heimil endurkoma, við
ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en
þrjú mánuðir.

14. gr.

Að teknu tilliti einungis til ákvæða 13.
gr., skulu ákvæði þessa fylgiskjals á
engan hátt hafa áhrif á lög og reglugerð-
ir, er gilda um skilyrði fyrir komu til
landa aðildarríkjanna, ferðum yfir þau,
aðsetri og upptöku hólfestu í þeim, svo
og fyrir brottför úr þeim.

15. gr.

Hvorki útgáfa skirteinisins né komur
til landsins samkvæmt því ákveða eða
hafa áhrif á stöðu eiganda þess, sér í
lagi að því er varðar ríkisfang.

16. gr.

Útgáfa skirteinisins veitir eiganda
þess á engan hátt vernd sendiherra eða
ræðismanns landsins, sem gefur það út,
og veitir ekki þessum aðilum rétt til að
láta slíka vernd í té.

Viðauki.

Fyrirmynd að ferðaskirteini.

Skirteinið skal vera í bæklingi formi
(nálægt 15 × 10 sentimetrar).

Mælt er með því, að það sé þannig
prentað, að auðvelt sé að greina útsatrik-
anir og breytingar, sem gerðar eru efna-
fræðilega eða á annað hátt og að orðin
„Samningur frá 28. júlí 1951“ séu prent-
uð í samfelldri endurtekningu á sér-
hverri síðu á tungumáli útgáfulandsins.

(Kápa bæklingins.)

FERÐASKÍRTEINI

(Samningur frá 28. júlí 1951.)

3. The Contracting States reserve the
right, in exceptional cases, or in cases
where the refugee's stay is authorized
for a specific period, when issuing
the document, to limit the period
during which the refugee may return
to a period of not less than three
months.

Paragraph 14

Subject only to the terms of paragraph
13, the provisions of this Schedule in no
way affect the laws and regulations
governing the conditions of admission
to, transit through, residence and estab-
lishment in, and departure from, the
territories of the Contracting States.

Paragraph 15

Neither the issue of the document nor
the entries made thereon determine or
affect the status of the holder, parti-
cularly as regards nationality.

Paragraph 16

The issue of the document does not in
any way entitle the holder to the pro-
tection of the diplomatic or consular au-
thorities of the country of issue, and does
not confer on these authorities a right
of protection.

Annex.

Special Travel Document.

The document will be in booklet form
(approximately 15 × 10 centimetres).

It is recommended that it be so printed
that any erasure or alteration by chemi-
cal or other means can be readily detec-
ted, and that the words "Convention of
28 July 1951" be printed in continuous
repetition on each page, in the language
of the issuing country.

(Cover of booklet.)

TRAVEL DOCUMENT

(Convention of 28 July 1951.)

Nr.

No. 74

(1)

(1)

9. des.

FERÐASKÍRTEINI

TRAVEL DOCUMENT

(Samningur frá 28. júlí 1951.)

(Convention of 28 July 1951.)

Skirteini þetta gengur úr gildi

 nema gildi þess sé framlengt eða endurnýjað.

This document expires on

 unless its validity is extended or renewed.

Nafn

Name

Skirnarnöfn

Forename(s)

Í fylgd með skirteinishafa er(u)
 barn (börn).

Accompanied by child
 (children).

1. Skirteini þetta er gefið út einungis með það fyrir augum að veita eiganda þess ferðaskirteini, sem komið geti í stað vegabréfs. Það skerðir ekki og hefur engin áhrif á ríkisborgararétt eiganda þess.
2. Eiganda er heimilt að koma aftur til [hér skal nefna land þess stjórnvalds, sem gefur skirteinið út] hinn eða fyrr, nema seinni dagsetning sé tiltekin hér á eftir. [Tími sá, sem eiganda er leyfð endurkoma má ekki vera skemmri en þrjú mánuðir.]
3. Ef eigandi sezt að í öðru landi en því, sem gaf þetta skirteini út, verður hann, ef hann vill ferðast á ný, að sækja um nýtt skirteini til hlutaðeigandi stjórnvalda aðseturslands síns. [Stjórnvald það, sem gefur hið nýja skirteini út, skal taka aftur hið eldra ferðaskirteini og endursenda það stjórnvaldi því, sem gaf það út.]¹⁾

1. This document is issued solely with a view to providing the holder with a travel document which can serve in lieu of a national passport. It is without prejudice to and in no way affects the holder's nationality.
2. The holder is authorized to return to [state here the country whose authorities are issuing the document] on or before unless some later date is hereafter specified. [The period during which the holder is allowed to return must not be less than three months.]
3. Should the holder take up residence in a country other than that which issued the present document, he must, if he wishes to travel again, apply to the competent authorities of his country of residence for a new document. [The old travel document shall be withdrawn by the authority issuing the new document and returned to the authority which issued it.]¹⁾

(Skirteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

1) Setninguna í hornklofunum skulu ríkisstjórnir, þær sem þess óska, færa inn.

1) The sentence in brackets to be inserted by Governments which so desire.

74 (2)
 9. des. Fæðingarstaður og fæðingardagur
 Staða
 Núverandi aðsetursstaður
 *Meyjarnafn og skírnarnöfn eiginkonu
 *Nafn og skírnarnöfn eiginmanns

Lýsing.

Hæð
 Háralitur
 Augnalitur
 Nef
 Andlitsfall
 Litarháttur
 Sérkenni

Börn í fylgd með skírteinishafa:

Nöfn	Skírnarnöfn	Fæðingarstaður	Kyn
		og fæðingardagur	
.....
.....
.....

*Strikið út það, sem ekki á við.

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(3)

Mynd skírteinishafa og stimpill stjórnvalds þess, er skírteinið gefur út.

Fingraför skírteinishafa (sé þeirra krafizt).

Undirskrift skírteinishafa

(Skírteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(4)

1. Skírteini þetta gildir fyrir eftirtalin lönd:

.....

(2)

Place and date of birth
 Occupation
 Present residence
 *Maiden name and forename(s) of wife
 *Name and forename(s) of husband

Description.

Height
 Hair
 Colour of eyes
 Nose
 Shape of face
 Complexion
 Special peculiarities

Children accompanying holder

Name	Forename(s)	Place and date of birth	Sex
.....
.....
.....

*Strike out whichever does not apply.

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(3)

Photograph of holder and stamp of issuing authority.

Finger-prints of holder (if required).

Signature of holder

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(4)

1. This document is valid for the following countries:

.....

2. Skjal það eða skjöl, sem útgáfa þessa skirteinis byggist á:

2. Document or documents on the basis of which the present document is issued: 74 9. des.

.....
.....
.....

.....
.....
.....

Útgefið í

Issued at

Dagsetning

Date

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem gefur skirteinið út:

Signature and stamp of authority issuing the document:

Gjald greitt:

Fee paid:

(Skirteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(5)

Framlenging eða endurnýjun.

(5)

Extension or renewal of validity

Gjald greitt: Frá
Til

Fee paid: From
To

Gert í Dagsetning

Done at Date

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem fram- lengir eða endurnýjar skirteinið:

Signature and stamp of authority extending or re- newing the validity of the document:

Framlenging eða endurnýjun.

Extension or renewal of validity

Gjald greitt: Frá
Til

Fee paid: From
To

Gert í Dagsetning

Done at Date

Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem fram- lengir eða endurnýjar skirteinið:

Signature and stamp of authority extending or re- newing the validity of the document:

(Skirteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)

(This document contains .. pages, exclusive of cover.)

(6)

Framlenging eða endurnýjun.

(6)

Extension or renewal of validity

Gjald greitt: Frá
Til

Fee paid: From
To

<p>74 Gert í Dagsetning 9. des. Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem fram- lengir eða endurnýjar skirteinið:</p>	<p>Done at Date..... Signature and stamp of authority extending or re- newing the validity of the document:</p>
<p>_____</p>	<p>_____</p>
<p>Framlenging eða endurnýjun. Gjald greitt: Frá Til</p>	<p>Extension or renewal of validity Fee paid: From To</p>
<p>Gert í Dagsetning Undirskrift og stimpill stjórnvalds, sem fram- lengir eða endurnýjar skirteinið: (Skirteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)</p>	<p>Done at Date..... Signature and stamp of authority extending or re- newing the validity of the document: (This document contains .. pages, exclusive of cover.)</p>
<p>_____</p>	<p>_____</p>
<p>(7—32) Áritanir.</p>	<p>(7—32) Visas.</p>
<p>Nafn skirteinishafa verður að endur- taka í sérhverri áritun. (Skirteini þetta er .. síður fyrir utan kápu.)</p>	<p>The name of the holder of the docu- ment must be repeated in each visa. (This document contains .. pages, exclusive of cover.)</p>

75

8. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

bb. Að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skugga-
myndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum
vísinda- og menntastofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

76

9. des.

um aðild Íslands að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, um að leysa ríkisborgara þessara landa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Með erindaskiptum milli Íslands og Danmerkur, dags. 11. og 20. október 1955, Íslands og Finnlands, dags. 3. og 9. nóvember 1955, Íslands og Noregs, dags. 14. nóvember 1955, og Íslands og Svíþjóðar, dags. 3. nóvember 1955, hefur verið gengið frá aðild Íslands að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, um að leysa ríkisborgara þessara landa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Jafnframt hefur Ísland um leið gerzt aðili að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 14. júlí 1952, um skyldu til að veita aftur viðtöku ólöglega innfluttum útlendingum.

Gildistaka aðildar Íslands að framangreindum Norðurlandasamningum miðast við 1. desember 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

L Ö G

77

16. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1956 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

78

17. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna samkvæmt kaupgjaldsvisitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46 1955, um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

79

24. des.

L Ö G

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1956 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsbóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pönt-⁷⁹unarfélög, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi. 24. des.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látni í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, mat-sölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanevnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings milli Íslands og Ísrael.

80

9. des.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísraels í Stokkhólmi, dags. 3. og 9. maí 1955, var viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ísraels frá 18. maí 1953 (Stj.tíð., A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

81

9. des.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 30. marz 1955 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 15. marz 1955 til 14. marz 1956.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir, að frá Íslandi verði m. a. flutt út saltsild, saltfiskur, niðursoðnar sjávarafurðir og söltuð hrogn, enn fremur sildar-mjöl og sildarlýsi.

Innflutningur frá Danmörku mun heimilaður á sama hátt og verið hefur undan-farin ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

82

9. des.

AUGLÝSING

um framlengingu á greiðslusamningi milli Íslands og Rúmeníu.

Hinn 12. október 1955 var undirritað í Genf samkomulag um, að framlengja viðskipta- og greiðslusamning Íslands og Rúmeníu frá 13. apríl 1954 (Stj.tíð., A. 74 1954) óbreyttan til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

83

9. des.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

Hinn 23. nóvember 1955 var undirritað í Budapest bókun um, að framlengja viðskipta- og greiðslusamning Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A. 53/1953) óbreyttan til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

84

9. des.

um nýjan greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis.

Hinn 23. maí 1955 var undirrituð í Vínarborg bókun um nýjan greiðslusamning milli Íslands og Austurríkis, er komi í stað greiðslusamningsins frá 6. júní 1952 (Stj.tíð., A. 77/1952).

Gildistími samningsins er óákveðinn, en fellur úr gildi, ef greiðslubandalag Evrópu hættir starfsemi sinni. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

85

9. des.

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu.

Hinn 24. október 1955 var undirritaður í Rómaborg viðskiptasamningur milli Íslands og Ítalíu og gildir hann fyrir tímabilið 1. nóvember 1955 til 1. október 1956.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir því, að vörukaup Íslendinga í Ítalíu verði verulega aukin á samningstímabilinu.

Samningnum fylgja tveir listar yfir ítalskar vörur, sem fluttar skulu til Íslands á samningstímabilinu, sá fyrri sem háður er innflutningshömlum á Íslandi og sá síðari yfir vörur, sem frjálst er að flytja inn á Ítalíu.

Allur innflutningur á íslenskum afurðum til Ítalíu er algerlega frjáls.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

86

9. des.

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 23. september 1955 var undirritað í Moskva samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 1956 til 31. desember 1956 og er gert í samræmi við ákvæði viðskipta- og greiðslusamningsins milli Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 (Stj.tíð., A. 51/1953).

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir, að frá Íslandi verði flutt út á tímabilinu 20 þúsund tonn af frystum fiskflökum, 15 þúsund tonn af saltsíld og aðrar vörur fyrir 2 milljónir króna.

86 Helztu útlutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur, benzín, korn-
9. des. vörur, sement, steypustyrktarjárn, járnþípur, aðrar vörur úr járni, timbur, koks og kol.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

87
9. des.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 24. september 1955 var undirritað í Prag samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1955 og 31. ágúst 1956.

Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskipta- og greiðslusamningsins við Tékkóslóvakíu frá 31. ágúst 1954 (Stj.tíð., A. 86/1954).

Gert er ráð fyrir, að Íslendingar selji til Tékkóslóvakíu á tímabilinu 8 þúsund tonn af frystum fiski, 1 þúsund tonn af sild auk landbúnaðarafurða og niðursoðinna fiskafurða.

